


Nóvember 2007

menning

[SÉRBLAD FRÉTTABLAÐSINS UM MENNINGU OG LISTIR]



Týnd verk frá stríðsárunum eftir Þorvald Skúlason komin í leitirnar

Það á að gera þetta með stæ!

Hilmar í Morkinskinnu í viðtali um miðbæinn, konseptlistina, myndlistarmarkaðinn, Arnarfjörð og fornleifafundinn í Hringsdal

SJÓN ■ ÁSDÍS SVEINSDÓTTIR THORODDSEN ■ EINAR GUÐMUNDSSON ■ JÓNÍNA LEÓSDÓTTIR ■ ÞÓRARINN LEIFSSON
■ HILDUR HEIMISDÓTTIR ■ OMDURMAN ■ HEDDA GABLER ■ ÞORVALDUR SKÚLASON ■ SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR ■ ARI JÓHANNESSEN
■ ELÍSABET BREKKAN ■ STEPHEN KING ■ KRISTRÚN HEIÐA HAUKSDÓTTIR ■ HILMAR EINARSSON ■ BIRNA ÞÓRÐARDÓTTIR
■ PÉTUR GUNNARSSON ■ SIGRÚN ELDJÁRN ■ MAGNÚS TEITSSON ■ VIGDÍS GRÍMSDÓTTIR ■ ÞÓRBERGUR ÞÓRÐARSON ■ NÝDÖNSK
■ STEINAR BERG ÍSLEIFSSON ■ BERGLIND GUNNARSDÓTTIR ■ EINAR MÁR GUÐMUNDSSON ■ J.K. ROWLING ■ SIGURÐUR HRÓARSSON
■ NÝJA LEIKHÚSIÐ ■ JÓNAS FREYDAL ÞORSTEINSSON ■ KRISTÍN SVAVA TÓMASDÓTTIR ■ HALLDÓR ELVARSSON ■ ÞJÓÐARARFURINN

NÝJA LEIKHÚSIÐ ER FUNDIÐ

Páll Baldvin Baldvinsson skrifar

Ef enginn hrósar manni er best að gera það sjálfur. Á fimmtudag flutti Jón Atli Jónasson pistilinn í Víðsjá Gufunnar og sagði að sprottið væri upp Nýtt leikhús. Það var ekki bygging eins og skilja mátti, heldur var hér á ferðinni gamall og rammur hugtakaruglingur, hann var að tala um leiklistina, og átti við hópá sem hann hefur starfað með, Vesturport, Frú Emelíu og líklega fleiri sem hafa sett upp leiksýningar á liðnum misserum.

Nýja leikhúsið var vitaskuld betra en það gamla. Enginn hafði áður hreyft við samtímanum fyrr en þau. Þau komust nær kvikunni á íslensku samfélagi en allir aðrir á undan þeim og byggði Jón það væntanlega í víðtækum áralöngum mælingum á viðtökum – varla hefur höfundurinn farið með fleipur.

Nýja leikhúsið er ekki nýrra en allar aðrar tiltektir mannsins: leiklistin er alltaf ný, í hvert sinn sem hún hittir fyrir áhorfandann. Og er ekki sama reynslan fyrir neinn, nánast ómælanleg upplifun, hefur leiklistarsagan og leiklistarfæðin leitt í ljós. Upplifun sem lifir í minningunni og umskapast þá í nýja reynslu við umhugsun og mótun.

Hvers vegna þurfa menn að hreykja sér? Það er viðtekið í auglýsingabransanum að klessa merkimiðanum NÝTT á allt á markaði. Make it new, sagði Esra Pound fyrir tæpri öld. Auðvitað viljum við nýtt en ekki gamalt, þó að vandamál okkar séu æ hin sömu og fylgi tegundinni frá öröfi.

Etla mætti að kynslóð Jóns Atla hafi af þessu nokkra reynslu. Flestir sem skipa hans flokk, Nýja leikhúsið, eru gamlir í hettunni, búnir að hösla í áratug, komnir fram yfir síðasta sóludag sem „unga fólkid“, eru hraðbyri að verða miðaldra. Hvaða vöntun kallar þá á þessa bíræfðu sjálfslýsingu hjá höfundinum, hefur hann ekki fengið nægilegt hrós?

Raunar sést ekki hvað var nýtt fyrr en löngu eftir á og sumir vita af því og vinna hörðum höndum að smíða söguna í kringum sjálfan sig og ná oft yfirburða sögustöðu fyrir bragðið. Það er þá eftirkomenda að hafa skynbragð af stóru sjónarsviði til að skilja sambengið, meta nýjungina, finna hið sambærilega og skynja framrás hugmyndanna.

Að sitja á heimaþúfunni og hrósa sér hátt: „Við erum svo ný“ er í besta falli skoplegt.

„Nýja leikhúsið er ekki Strindberg,“ segir Jón Atli. Bara það væri eitthvað í líkingu við hann: Draumleikur Strindbergs fyrir fáum misserum var til sannindamerkis um að hann væri meiri samtíma- maður okkar en þeir sem eru mest í hávaðanum, eftiröpun sjónvarpsframleiðslunnar, hangandi í ímyndinni, fegnir að vera lausir við textann því þá þurfa þeir að skilja eitthvað dýpra en Ha: hann var nýr og síungur í elli sinni og glöpum.

SVIPMYND AF LISTAMANNI

Silfur Ásdísar

Í gær var opnuð sýning í sal Hönnunarsafns Íslands við Garðatorg á silfurgrípum Ásdísar Sveinsdóttur Thoroddsen (1920-1992). Ásdís var um margt óvenjulegur listamaður á sínu sviði. Hún var komin af völdundarsmíðum frá Eyrarbakka og úr Breiðafirði, Sveinn faðir hennar og móðurbróðir, Ívar, voru hagleiksmenn. Hún brúar bilið milli hefðbundinnar gull- og silfursmíði Leifs Kaldal, sem var meistari hennar, og þeirra Jóhannesar Jóhannessonar og Jens Guðjónssonar. Ásdís nýtti ýmiss konar efni sem ekki hafði sést í íslensku skarti, óslípaða íslenska náttúrusteina og lífræn efni, trjávið, fuglsklær, steinbitsroð til dæmis. Hún hafði sterkt formskyn og tókst að fylgja köllun sinni, þurfti ekki að reka verkstæði, heldur vann í eigin ranni, mest fyrir vini og kunningja. Hún hélt góðu sambandi við listafólk í öðrum greinum, sem hafði áhrif á þróun verka hennar. Sem húsmóðir á stóru heimili hafði Ásdís aldrei mikinn tíma aflögu fyrir skartgripahönnun sína, auk þess sem heilsuleysi dró úr afköstum hennar. Því liggur ekki ýkja mikið eftir hana, og það sem eftir hana liggur þekkjast allt af fáir.



Ásdís Sveinsdóttir

Hönnunarsafnið hefur dregið saman um fimmtíu gripi frá starfsævi hennar, allt frá sjötta áratugnum og til þess núnda: hálsmen, armbönd, hringa, nælur og fleira. Hefur safnið gefið út kynningarrit með fjölda ljósmynda, ýmiss konar heimildum og úttekt á skartgripahönnun Ásdísar eftir Aðalstein Ingólfsson. Sýningarstjórar eru Aðalsteinn Ingólfsson og Sigrún Edda Eðvarðsdóttir. Sýningin er styrkt af Verkfræðistofu VST og IKEA á Íslandi, en það er í fyrsta sinn sem það styrkir menningarstarf hér á landi.

ÞJÓÐARGERSEMIN
bíður afritunar

Samkvæmt þjónustusamningi Ríkisútvarpsins ohf. og menntamálaráðuneytis skal unnið að því að koma eldra dagskrárefni Ríkisútvarpsins í varanleg afrit. Fyrr á þessu ári lýsti útvarpsstjóri, Páll Magnússon, því yfir að afritun eldra efnis væri forgangsverkefni, enda bíða geymslur stofnunarinnar fullar af efni á lakkplötum, silfurþræði, sívalningum, hljóð- og myndböndum og filmum þess að flytjast á stafrænt form sem menn trúa nú að verði varanleg geymsla.

MENNING PÁLL BALDVIN BALDVINSSON



Ríkisútvarpið, hin opinberu vé islenskrar menningar.

Fyrr á árinu lýsti Rithöfundasamband Íslands yfir furðu sinni að Ríkisútvarpið skyldi ekki hafa gætt að þessari frumskyldu. Fleiri tóku undir, en mörgum kom á óvart að að ástand þessara mál skyldi ekki vera með betri skikk en raun bar vitni. Í skjóli einkaréttar var Ríkisútvarpið eini aðilinn hér á landi sem hafði efnisleg tök á hljóðritunum, þótt sagan hafi leitt í ljós að þröngur fjárhagslegur stakkur hafi leitt til þess að efni var þurrkað út í stórum stíl og hljóð og myndbönd endurnýtt undir annað efni. Ekki liggur fyrir heildstæð úttekt á hvað hefur farið forgörðum í áratugasveldi Ríkisútvarpsins. Ljóst er þó að mörgu var fargað, án þess að

hlutaðeigandi réttihöfum væri tilkynnt þar um.

Að sögn Bjarna Guðmundssonar aðstoðarmanns útvarpsstjóra miðar nokkuð í þessum efnum, en þessi vandi Ríkisútvarpsins er sambærilegur við háan þroskuld annarra útvarpsstöðva, BBC, norrænu stöðvanna og þeirra á meginlandinu. Þar helst í hendur vilji til að aðlaga söfnin nýjum stöðlum í geymslu og um leið að finna eldri söfnum hvílastaði við réttar aðstæður. „Okkar vandi er sá sami, einungis stærðarhlutföllin eru önnur,“ segir Bjarni. Hann segir áætlun vera í vinnslu um hvernig verði tekið á þessu máli og hún verði fullbúin fyrir áramót. Nýlega hafi menn reynt tæki til afritunar í hljóðhlutanum af safninu. Stór hluti af filmusafni sjónvarpsins sé nú komin í Kvikmyndasafn Íslands og þar sé starfsmaður á vegum RÚV að setja filmur í svokallaðar kökur, stóra filmuhlemma, sem fari í skönnun til útlanda, en tæki sem voru til hér á landi úr eigu Stöðvar 2 hafi reynst úr sér gengin. Sú vinna sé komin á veg. Elstu myndbönd, tveggja tommu bönd, hafi menn yfirfært fyrir flutningana í Efstaleiti um 2000. Þá eru eftir einnar tommu böndin, yngri form, Betacam og lítið eitt af UMATIC böndum. „Við erum komnir á veg með þessa vinnu,“ segir Bjarni en

viðurkennir að afritun hafi setið á hakanum: „Ríkisútvarpið hefur lagt áherslu á dagskrá.“

Viða hafa menn tekið það til bragðs að stofna til sérstakra safna um filmur, bönd og hljóðritanir. Það hefur ekki komið alvarlega til álita hér þótt þær raddir hafi heyrst við umfjöllun á þingi um ný lög um RÚV ohf.

Allt efni sem RÚV geymir er háð höfundarrétti flytjenda og höfunda. Hinn svokallaði mekaníski réttur, það er hljóðritunin sjálf, hefur verið skilgreind víða í evrópskum samningum. Hér á landi hafa rétt-hafar ekki sótt hart að RÚV um varðveislu í viðunandi formi. Það þekktist þó að sögn Bjarna að einstaklingar leiti þangað og óski eftir að afrit séu gerð, einkum ef fyrir stendur útgáfa á efninu. „Við skoðum hvert tilvik fyrir sig,“ segir hann. „Það er stefna útvarpsstjóra að safn Ríkisútvarpsins sé styrkt að innviðum,“ segir hann og neitar að þar hafi verið skorinn niður mannaflí til þjónustu og skráningar sem hluti af endurskipulagningu þar á bæ.

Á nýju ári verður því fyrirbyggjandi áætlun um afritun á öllum þjóðararfinum eins og safn Ríkisútvarpsins er stundum kallað. Og þá verður ljóst hvað dæmið kostar og hversu hratt gengur að koma safninu í stafræn afrit.

til Bigga



Í MINNINGU
BIRGIS ANDRÉSSONAR,
NÓVEMBER 2007.

BIRNA
ÞÓRDARDÓTTIR

upprifnar dyrnar á Næsta
bangsa
bangsalingur

með hramma
sem reynast ljúfir lófar

vanir að snerta

tilfinningarnar í puttunum
sagði pabbi
sagði hann

og augun ljómuðu

þessi augu
undir brúnunum þungu
svo þungum
að undrum sætti
hve glimtið sást
glimtið í augunum
sást vel

engillinn minn
komdu nú og faðmaðu mig
engillinn minn

breiður faðmur
útbreiddur

arnarsúgur
vængir á flugi

vængir á flugi
í huga og hjarta

þessu ótrúlega stóra
hjarta barnsins

sem týndi sér stundum
á flugi

og flugið gat förlast
allt sem ekki
á að gerast

en
þegar ljósið kviknar á ný
birtist skuggamynd
í dyrunum
með útbreiddan faðminn
útbreiddan faðminn

elsku engillinn minn
elsku engillinn minn
engillinn minn
engill
engill
engill
engillinn minn

MÆLING HEIMSINS EFTIR DANIEL KEHLMANN

STÓRFENGLÆGT MEISTARAVERK



SKEMMTILESTUR AF BESTU GERÐ

Mæling heimsins er sambland af vísindasögu og lygasögu. Bókin er skrifuð af stórhug og er skemmtilestur af bestu gerð, full af litlum athugunum sem kitla hugann svo mann langar mest til að hrópa af fögnuði. Mæling heimsins var næst mest selda skáldsaga heims árið 2006.

Daniel Kehlmann


BJARTUR

1. SÆTI
Á METSÖLULISTA
EYMUÐSSON



VERK ÞORVALDAR SKÚLASONAR FRÁ STRÍÐSÁRUNUM KOMIN Í LEITIRNAR

Skömmu fyrir stríð hélt Þorvaldur Skúlason listmálari til Frakklands öðru sinni til námsdvalar og vinnu. Hann var 33 ára gamall, kominn með konu og erfingja var von. Hugur hans stefndi á frekara nám hjá lærimeistarum Gromaire. Hinn 1. september 1939 fæddist dóttirin Kristín í París og tveimur dögum síðar skall á heimsstyrjöld.

MYNDLIST PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Þorvaldur Skúlason í París 1939. Ljósmyndin er úr safni Erling Friis og líklega tekin af honum.



Erfitt er okkar tíma að skilja ástandið í París í upphafi stríðsins. Frakkar þekktu til harðvítugra loftárása á spænskar borgir og leifturstríðin inn í Pólland færðu mönnum heim sanninn að allt væri mögulegt. Ungu hjónin fundu fyrir óttanum og að ráðum dansks sendifulltrúa fóru þau frá París og settust að í Tours. Hinn 10. júní 1940 flúði franska ríkisstjórnin frá París – til Tours. Þýski herinn var á hraðferð gegnum Frakkland og um miðjan júní heyra þau Astrid og Þorvaldur að borgin sé í hættu. Þau ákveða að fara slypp og snauð norður á bóginn. Þau taka ekkert með sér, hraða sér til Bordeaux, komast í skip til Englands 22. júní. Þann dag lýsti franska stjórnin landið sigrað. Það tók Þorvald og fjölskylda fimm vikur að komast til Íslands – allslaus.

Fótbrotinn messagutti

Þorvaldur tók að teikna og mála fimmtán ára gamall þar sem hann lá í fótbroti. Hann var alinn upp á Borðeyri og Blönduósi; var Húnavetningur í húð og hár. Faðir hans var verslunarmaður en lést þegar Þorvaldur var nfu ára, elstur fimm systkina. Stráknum var komið til vinnu, hann var messagutti á skipum, og átti að fara á Goðafossinn nýja 1921, en tók langstökk það sumar í kappi og fótbrotnaði. Það voru síðan kynni Þorvaldar af Snorra Arinbjarnar sem fleyttu honum inn í heim myndlistar en Snorri hafði vetursetu á Blönduósi 1921.

Byrjandi á styrk frá Alþingi

Til að gera langa sögu stutta munstraði Þorvaldur sig haustið 1924 í Menntaskólann í Reykjavík og fór þann vetur í handleiðslu hjá Ásgrími Jóns-syni. Þremur árum seinna tekur hann þátt í sinni fyrstu samsýningu á vegum Listvinafélagsins. Í febrúar 1928 heldur hann sína fyrstu einkasýningu í Báraubúð. Mönnum líst svo vel á að hann fær styrk frá Alþingi og siglir þá um haustið til Oslóar til náms; hann var kominn inn í kviku umbrotanna í myndlist Evrópu. Hann heldur til Parísar vorið 1931 og settist á bekk Academie Scandinave á Montparnasse og fastnar sér þar pláss um haustið. Hann heldur áfram að sýna hér heima: 1931 í Gúttó, Síðsumars 1933 hélt hann til Hafnar og dvaldi þar næstu árin, sýndi með Kolorista-hópnum 1936, aftur 1937 í tvígang og loks hér heima þá um sumarið. Hann kvæntist í ársbyrjun 1938 Astrid, sem var systir Tove, konu Jóns Engilberts. Þau fóru víða það ár: til Dieppe, Parísar, Flórens, Rómar, Taormina og svo til



Ólímálverk eftir Þorvald Skúlason. Ein af myndunum frá Frakklandi.

Íslands um haustið og aftur til Hafnar um jólin. Og þaðan til Parísar.

Eyðan í Frans

Fram til þessa hefur tíminn 1939 í París og Tours verið talinn eyða í þroskasögu Þorvaldar: örfá verk eru til frá tímabilinu. Sumir hafa sagt þetta tímabil mestu gátu í myndlistarsögu síðustu aldar. Heimkominn tók Þorvaldur ekki til starfa fyrr en snemma árs 1941. Þeim mun meiri forvitni hefur ríkt um þessi ár að Þorvaldur sagðist hafa byrjað að snúa sér að abstraktinu á þessum tíma, bæði í viðtali 1966 og 1972. Og hvernig vék því: Þorvaldur hefur verið kallaður brautryðjandi íslenskrar samtímalistar, skali í þroska hans nær frá hefðbundnu málverki gegnum allar helstu stefnur málverksins fram undir 1970.

Sá á fund sem finnur

Vikur þá sögunni að finnanda safnsins frá Tours, Jónasi Freydal Þorsteinssyni. Jónas hefur um langa hríð verið virkur í leit að íslenskum málverkum, munum og teikningum á erlendri grund. Hann segist vera búinn að leita eftir myndum eftir Þorvald Skúlason í Tours og nágrenni um nær tólf ára bil, mest með auglýsingum, en verulegum árangri hafi hann ekki náð fyrr en hann tók að auglýsa eftir fólki sem þekkti til Þorvaldar á svæðinu. Þannig rakst hann á slóð Erling Friis.

Friis var vinur og samverkamaður Þorvaldar á þessum árum, bæði í Höfn og Frakklandi: „Ástæða þess að ég fór til Parísar og lenti í skóla Gormaire var gamall vinskapur við íslenska málarann Þorvald Skúlason. Við unnum af og til saman í vinnustofu hans og minn. Hann var nýkominn frá París og hvatti mig til að sækja þangað niður eftir sem fyrst,“ segir Friis í sýningar-skrá frá 1992 er hann sýndi 136 verk sín í Randers og

fjögur verk eftir Þorvald að auki. Hann mun einnig hafa reynt að selja tvö olíuverk frá þessum tíma um svipað leyti. Eftir ábendingu á Friis tóku hjólin að snúast.

Fundinn!

Jónas fann börn hans og fékk hjá þeim möppu með stóru hundraði verka, kolateikninga, blýantskissa, vatnslitamynda, um tíu sjálfsmyndir, margt af þessu eru óaritað, annað frá-gengið og merkt. Mótífin eru af ýmsu tagi: barir, vinnustofur, bátar, kyrralífsmýndir, abstrakt skissur, landslag, módelteikningar. „Þetta er ekki allt, það er ég viss um,“ segir Jónas. „Nú er bara að finna allt hitt sem er einhvers staðar. Ég hef leitað þessara mynda í fjölda ára og er ég fann þær þá varð ég hálf feiminn, mér fannst þetta eiginlega of gott til að vera satt. Ég ákvað því að fara mjög varlega í þetta allt og gefa mér góðan tíma.“

Ég hef sýnt tveimur fræðingum myndirnar og frá þeirra hálfu fann ég einstaka fagmennsku kurteisi og skilning á stöðunni. Það vakna margar spurningar þegar myndirnar eru skoðaðar, þarna eru skissur af málverkum sem ekki er vitað til að Þorvaldur hafi málað, hins vegar vissi enginn um þessar skissur þannig að vel má vera að hann hafi málað þessar myndir sem málverk.“

Ótvírætt höfundarverk

Það er engum blöðum um það að fletta að þessi mappa er frá Þorvaldi. Reyndar fylgdi með í pakkanum bunki af ljósmyndum frá þessum tíma. Hér eru minni sem koma upp í öðrum skissum sem eru þekktar. Handbragðið leynir sér ekki. Jónas tekur helminginn vera frá París, eitthvað eldra og margt frá Tours. Safnið er rannsóknarefni fyrir sérfræðingum. Það hefur komið fyrir fárra augu en kunnugir menn hafa skoðað það og segja það ótvírætt. Hvers vegna? Eigin-



Nýfundnar sjálfsmyndir Þorvaldar Skúlasonar í París 1939, blýants- og kolateikningar.

leikar verkanna eru óljúfróðastir. Eigendasaga skráð. Treystir fólk ekki finnandanum?

Jónas Freydal yppir öxlum. Fyrir mér hefur hann rakið gögn: ljósmyndir af heimili fjölskyldu Friis, gögnin frá Randers og Kunsthallen – hvað þarf hann að sanna meir? „Ég hef ekki áhyggjur af efasemdum, þessi litli fjársjóður fjallar um Þorvald Skúlason og ekki Jónas Freydal.“

Ákætur og ástríður

Jónas er ástríðufullur áhugamaður um myndlist og sögu hennar. Hann hefur lagt sig í leit að íslenskum listaverkum á slóðum þar sem tiltekinn hópur íslenskra listmanna hélt sig á fyrri hluta síðustu aldar. Hann býr jafnframt við það umtal að hann hafi staðið að fölsun og sölu falsaðra verka. Hann var ákæður fyrir það en málið var ónýtt fyrir dómi og hann sýknaður. Hann sviður að hafa setið á sakabekk með öðrum ákærdum í því máli: „Ég var ákæður fyrir tíu verk. Ef ég fer aftur út í listaverkasölu mun ég birta á vefsíðu öll verk sem ég hef fundið og selt á liðnum árum. Uppboðshús taka við verkum frá mér og selja þau. Ég var ranglega sakaður um að hafa selt um tíu vafasamar myndir. Þessar myndir hafði ég selt á tíu ára tímabili í stærsta gall-erfi Íslands. Í mörgum tilfella voru það listasöfn sem keyptu. Það að menn sjái ástæðu til að skoða og jafnvel rannsaka einhverjar þeirra mynda er í fínu lagi, en að vera ákæður fyrir falsanir samhlíða aðila sem sakaður var um stórfelld svik, já, það sviður. Að þurfa að hlusta á ásakanir um 900 verk og heyra míns nafns alltaf getið í því samhengi, þrátt fyrir að hafa farið í gegnum réttarkerfið og vera sýknaður af öllum þessum röngu ásökunum og þurfa síðan að lifa með það að fréttamenn geti ekki nefnt mitt nafn án þess að minnast á þetta mál sviður á stundum enn meir. Rétt er að í héraði var talið að hugsanlega hefði ég selt tvær myndir sem væru allar líkur á að væru falsaðar. Ég áfrýjaði þeim dómi til Hæstaréttar og fékk sýkn saka.“

Hann er ekki ráðinn í hvað hann hyggst fyrir með möppuna og myndirnar frá Tours. Þær þurfi að skoða og skrá og Listasafn Háskóla Íslands hafi besta aðstöðu til þess en þar er geymt stærsta safn verka eftir Þorvald. Þegar hann fer höndum um verkin smitast maður af innilegum áhuga hans. „Stór hluti þessara verka er ómerktur sem er eðlilegt þar sem um skissur er að ræða, ákveðinn hluti myndanna á sennilega heima hjá þeim fræðingum er rannsaka list Þorvaldar. Aðrar standa einar og sér sem listaverk. Hvað verður um þetta verður að koma í ljós, hins vegar er afar mikilvægt að allir sem koma að þessu vandi sig til hins ýtrasta og þetta á alveg eins við um mig jafnt og þá aðila sem skoða verkin seinna.“ Hann er sannfærður um að fleiri verk Þorvalds frá þessum tíma muni koma í ljós, fyrr en síðar. „Það var önnur mappa og ég veit hvert hún fór,“ segir hann íbygginn.

„Ég veit ekkert hvað ég var að gera sunnudagskvöldið
27. janúar árið 2002 þegar nafni minn Einar Þór Jónsson
var handtekinn á horni Þórsgötu og Baldursgötu þar sem
hann var einn á gangi. Ég þekkti Einar Þór ekki neitt,
ekki þá ... en þremur vikum eftir handtökuna skrifaði
hann mér bréf frá Litla-Hrauni.“

Í ársbyrjun 2002 fær Einar Már
Guðmundsson bréf frá fanga á
Litla-Hrauni sem segir honum sögu
sína um leið og hann þakkar
rithöfundinum fyrir verk hans. Þremur
árum síðar liggja leiðir þeirra saman
á ný. Er þeir bera saman bækur sínar
stígur fram mögnuð ástarsaga fangans
Einars Þórs og Evu, kærustu hans.



„... einfaldlega
sannur skáldskapur ...
Um stílsnilld Einars efast fáir
og hún bregst ekki hér.“

Skafti Þ. Halldórsson / Morgunblaðið

„Einar Már Guðmundsson
er einn af mestu rithöfundum
Norðurlanda í dag.“

Politiken

„... hann hefur bæði til að bera þá
dómgreind og það áræðna hugmyndaflug sem
einkennir meiri háttar rithöfunda.“

Times Literary Supplement



MÁL OG MENNING

www.forlagid.is

GALDRAMÁLARÁÐUNEYTI

J.K. Rowling

Nú þegar írafárinu í kringum Harry Potter og dauðadjánsina er að mestu lokið í Bretlandi og Bandaríkjunum veltir Stephen King því fyrir sér hvers vegna enginn gagnrýnandi mat bókinu að verðleikum og hvort krakkar (og fullorðna fólkið þeirra) lesi einhvern tíma með sama hætti og áður.

Þá er úti þessi orrahríð og unnið og glatað þetta stríð“ [Makbeð e. Shakespeare, þýð. Matthíasar Jochumssonar] – það er að segja Hogwart-orrustan – og öll leyndarmálin hafa verið dregin upp úr flokkunarhattinum. Þeir sem veðjuðu á að Harry myndi deyja töpuðu peningunum sínum; drengurinn sem lifði reyndist standa undir nafni. Og ef þér finnst að sögulokunum hafi verið ljóstrað upp nú um síðir, þá hefurðu aldrei verið mikill Harry Potter-áðdáandi yfirhöfuð. Hneykslunin sem fyrstu dómarnir vöktu (Mary Carole McCauley í The Baltimore Sun, Michiko Kakutani í New York Times) hefur rénað ... enda þótt lengi eimi eftir af súra bragðinu í munni margra áðáenda.



Í sumar birtist víða grein Stephens King um viðtökur bókana um Harry Potter. Með góðfúslegu leyfi: J.K. Rowling's Ministry of Magic. Allur réttur áskilinn © Stephen King 2007. Í samráði við Licht & Burr, fyrir hönd Stephen King og Ralph M. Vicinanza Ltd.

Það eimir líka eftir af því hjá mér, enda þótt það komi alls ekkert við þeirri í hæsta máta kjánalegu hugmynd að endinum hafi verið ljóstrað upp, né síðferðinu á bak við þá ákvörðun að þjófstarta útgáfu bókarinnar. Heiðursmannnaheitið um forútgáfuna var, þegar upp var staðið, ekki annað en uppfinning útgefendanna, Bloomsbury og Scholastic, en ekki – að því er ég best veit – fengið úr ensku mannréttindaskránni eða stjórnarskrá Bandaríkjanna. Þaðan af síður hafa tilfinningaþrungin mótmæli Jo Rowling („Ég er gjör-samlega forviða á því að sum bandarísku dagblaðanna hafi ákveðið að birta ... dóma um bókinu án nokkurs einasta tillits til óska milljóna lesenda, ekki síst barna ...“) mikil áhrif á mig. Þessar bækur hættu að vera sérstaklega ætlaðar börnum þegar bákurinn var hálfnaður; frá því Rowling skrifaði Harry Potter og eldbikarinn var hún að skrifa fyrir alla, og vissi það.

Skýrasta merkið um það hversu mjög við hæfi fullorðinna bækurnar voru orðnar undir lokin má sjá – og það afbragðsvel – í Dauðadjánsunum, þegar frú Weasley sér hina illa þokkuðu Bellatrix LeStrange reyna að gera út af við Ginny með drápsböldun. „EKKI DÓTTIR MÍN, TÆFAN ÞÍN!“ æpir hún. Þetta er einhver mest sláandi tæfa í sagnskáldskap undanfarinna ára; þar sem það er nánast ekkert um bölv eða blótsyrði í Harry Potter-bókunum hittir þetta naglann á höfuðið af nánast banvænum krafti. Það er algjörlega rétt í samhenginu – raunar fullkomið – en það er líka dæmigert viðbragð fullorðinnar manneskju við því þegar barn er í háska.

Vandamálið við dómanna sem birtust fyrirfram – og þá sem fylgdu í kjölfarið fyrstu dagana eftir að bókin kom út – er hið sama og hefur elt stórvirki Rowling á röndum frá því fjórða bókin (Eldbikarinn) kom út, eftir að sagnbákurinn hafði lagt undir sig heiminn. Vegna ofurleynidarinnar í kringum bækurnar hafa allir dómur frá því árið 2000 eða þar um bil verið hræsnismjál. Sjálfir ritdómarnir voru oft frábærir – frú Katukani er ekki beinlínis neinn vesalingur – en vinsældir bókana hafa oft lagt jafnvel hin bestu áform bestu gagnrýnenda í rúst. Í flýtinum við að ryðja úr sér dálksentimetrum, og halda þannig sinni góðu stöðu sem meðlimir í Hvað-er-í-gangi-núna-söfnuðinum, hafa afar fáir af ritdómurum Potters sagt nokkuð minnisvert. Í megninu af þessari hraðsoðnu gagnrýnisvelli er einungis litið á Harry – svo ekki sé minnst á vini hans og ævintýri hans – á tvo vegu: félagsfræðilega („Harry Potter: Blessun eða

barnasjúkdómur?“) eða efnahagslega („Harry Potter og afsláttarklefinn“). Ritdómarnir líta til mála-mynda á hluti eins og söguþráð og stíl, en gera ekki mikið meira ... hvernig ættu þeir líka að fara að því? Þegar maður hefur aðeins fjóra daga til að lesa 750 blaðsíðna bók, skrifa svo 1.100 orða ritdóm um hana, hversu mikinn tíma hefur maður þá til að njóta bókarinnar? Til að hugsa um bókinu? Jo Rowling setti fram dýrindis sjö rétta máltíð, sem var vandlega undirbúin, frábærlega matreidd og borin fram af alúð og umhyggju. Krakkarinn og þeir fullorðnu sem tóku ástfóstri við sagnbálkinn (þar á meðal ég) nutu hverrar munnfylli, allt frá lystaukanum (Viskusteininum) til eftirréttarins (hins glæsilega eftirmála Dauðadjánsanna). Flestir ritdómuranna gleypu þetta hins vegar allt í sig í hvelli og af skyldurækni seldu þeir því svo hálfmeltu upp, á menningarmálasíðurnar í blöðunum sínum.

Og vegna þessa hafa afar fáir hinna viðteknu penna, frá Salon og til New York Times, staldrað við til að ihuga hvað Rowling hefur gert, hvaðan það er sprottið, eða hvaða merkingu það kann að hafa fyrir komandi tíma. Bloggararnir, flestir hverjir, hafa ekki staðið sig mikið betur. Þeir virðast hafa áhuga á því hver lifir, hver deyr, og hver kjaftar frá. Þar fyrir utan eru skrif þeirra nánast eintómt húmbúkk.

Hvað gerðist eiginlega? Hvaðan kom þetta Galdramálaráðuneyti?

Það má raunar sjá vísbendingu. Meðan fræðimenn og monthanar sem gagnrýndu skólakerfið hörmuðu sem sárast að það væri úti um lestur og krakkar hefðu ekki áhuga á neinu nema tölvuleikjum, iPod-um, söngmærinni Avril Lavigne, og sjónvarpssápunni High School Musical, sneru krakkarnir, sem þeir höfðu áhyggjur af, sér svo lítið bar á að skáldsögum Roberts Lawrence Stine. Í menntaskóla var þessi náungi þekktur sem „Bob káti“, en hann átti eftir að fá annað gælunafn síðar í lífinu, og var þá kallaður – uhum – „Stephen King barnabókmenntanna“. Hann skrifaði sína fyrstu unglingshyllingssögu (Blind Date) árið 1986, mörgum árum áður en Potter-æðið kom upp ... en það leið ekki á löngu uns maður gat ekki litið á metsölulistanum í USA Today öðruvísi en að sjá þrem eða fjórum pappírskiljum eftir hann bregða fyrir á listanum yfir 50 vinsælustu bækurnar.

Þessar bækur fengu nánast enga athygli gagnrýnenda – það best ég veit. Michiko Kakutani gagnrýndi aldrei Who Killed the Homecoming Queen? – en krakkarnir veittu þeim heimikla athygli, og R.L. Stine naut gríðarlegra vinsælda hjá þeim, að hluta til vegna internetsins sem var þá nýttílkomið, og varð jafnvel sá barnabókahöfundur sem seldi flestar bækur á tuttugustu öldinni. Eins og Rowling var hann á mála hjá Scholastic-bókaútgáfunni og í mínum huga er enginn vafi á því að velgengni Stines var ein af ástæðunum fyrir því að Scholastic hætti yfirhöfuð á að gefa út ungan og óþekktan breskan höfund. Hann er að miklu leyti óþekktur og hefur ekki verið getið að verðleikum ... en auðvitað fékk Jóhannes skírari heldur aldrei jafn mikla athygli og Jesús.

Rowling hefur gengið langtum betur, bæði hvað snertir gagnrýni og tekjur, vegna þess að Potter-bækurnar uxu eftir því sem þeim fjölgaði. Ég held að það sé þeirra stóri leyndardómur (og fer svo sem ekki leynt; ef þið viljið átta ykkur á þessu í sjón, kaupið þá miða á Fönixregluna og sjáið hinn fyrrverandi litla

sæta Ron Weasley gnæfa yfir Harry og Hermione). Krakkarinn í bókum R.L. Stine eru krakkar að eilífu, og krakkarnir sem höfðu gaman af ævintýrum þeirra uxu upp úr þeim, jafn óhjákvæmilega og þeir uxu upp úr Nike-skónum sínum. Krakkarinn hennar Jo Rowling uxu úr grasi ... og lesendurnir uxu úr grasi með þeim.

Þetta hefði ekki skipt svo miklu máli ef hún hefði verið ömurlegur rithöfundur, en það var hún ekki – hún var og er ótrúlega hæfileikaríkur skáldsagna-höfundur. Sumir bloggarar og helstu fjölmiðlar hafa látið þess getið að metnaður Rowling hafi verið í takt við sívaxandi vinsældir bóka hennar, en þeim hefur í flestum tilvikum yfirsétt sú staðreynd að hæfileikar hennar uxu líka. Hæfileikar standa aldrei í stað, þeir eru ýmist í vexti eða deyjandi, og í stuttu máli má segja þetta um Rowling: Hún var mun betri en R.L. Stine (nógu góður en innantómur rithöfundur) þegar hún hóf feril sinn, en um það leyti sem hún skrifaði lokalinuna í Dauðadjánsunum („Allt var eins og það átti að vera.“) var hún orðin einn af betri stílistunum í heimalandi sínu – ekki eins góð og Ian McEwan eða Ruth Rendell (að minnsta kosti ekki enn), en hún stendur Beryl Bainbridge og Martin Amis langtum fram.

Og svo voru auðvitað galdrarnir. Þeir eru það sem börnin vilja fremur en nokkuð annað; það eru þeir sem þau sárþarfnast. Þessi þrá á sér rætur í fortíðinni, í ævintýrum Grimmsbræðra og Hans Christians Andersen, og í gömlu góðu Lísu á hælunum á kanínuskómminni. Krakkar eru alltaf að leita að Galdramálaráðuneytinu, og yfirleitt finna þeir það.

Dag nokkurn í Bangor, þar sem ég bý, var ég á gangi eftir aðalgötunni og tók eftir þriggja ára strák; hann var krímugur í framan og hruflaður á hnjanum, og feiknalega einbeittur á svipinn. Hann sat í drullunni í ræsinu milli gangstéttarinnar og götunnar. Hann var með kvist í hendi og potaði með honum í drulluna. „Niður með þig!“ æpti hann. „Niður með þig, helvítið þitt! Þú mátt ekki koma út fyrr en ég segi töfraorðið! Þú mátt ekki koma út fyrr en ég segi!“

Slangur af fólki gekk hjá án þess að veita drengnum sérstaka athygli (ef nokkra). Ég hægði hins vegar á mér og fylgdist með honum um stund – sennilega af því að ég hef eytt svo miklum tíma í að segja ýmsum hlutum í huga sjálfs mín að bæla sig niður og ekki láta á sér kræla fyrr en ég segi til. Ég var heillaður af áreynslulausum þykjustuleik drengsins (alltaf viss um að þetta væri í þykjustunni, he-he-he). Og mér flaug ýmislegt í hug. Eitt var að ef þetta væri fullorðinn maður, hefði lögreglan tekið hann og annaðhvort sett hann í steininn svo rýnni af honum eða sent hann í geðrannsókn í Draumahöllinni okkar. Annað var að krakkar sem sýna geðklofatilhneigingar þykja blátt áfram sjálfsagðir í flestum samfélögum. Við skiljum það öll að krakkar eru klikkaðir uns þeir ná átta ára aldri eða svo, og við gefum stórkostlegum og alfrjálsum hugum þeirra lausan tauminn að vissu marki.

Þetta gerðist í kringum 1982, þegar ég var að búa mig undir að skrifa langa sögu um börn og skrímli (It), og hafði heimikil áhrif á vangaveltur mínar um þessa skáldsögu. Jafnvel núna, mörgum árum síðar, verður mér hugsað til þessa drengs – litla galdramálaráðherrans sem notaði greinarstúf í stað



4x4

CINTAMANI gönguskórnir eru með Green Diamond sóla. Í sólanum eru þúsundir harðkorna sem gefa besta mögulega grip við allar aðstæður. Green Diamond er íslensk uppfinning.

Gerð: Hrafn

Stærðir: Herra 41-46

Efni: Leður með öndunarfilmu og vatnsvörn

Verð: 15.990 kr.

WWW.CINTAMANI.IS



SPJARAÐU ÞIG



GOSI



SÚPERSTAR



LÍK Í ÓSKILUM



DAGUR VONAR



BELGÍSKA KONGÓ



VILTU FINNA MILLJÓN?



RÆÐISMANNSSKRIFSTOFAN



GJAFAKORT Í BORGARLEIKHÚSIÐ **ER FRÁBÆR**
JÓLAGJÖF FYRIR ALLA FJÖLSKYLDUNA

PENINGAR, ELDHUGAR OG ÁSTRÍÐUR

Bókaútgáfa er undarleg grein þar sem bæði þarf pening og ástríðu. Stór forlög verða stærri, keðjurnar gleypa bókabúðir en bókaástríðan brýst út í litlum forlögum og bókabúðum. Sigrún Davíðsdóttir rekur aðstæður í breskri bókaútgáfu þar sem umbar eru yfir og allt um kring.

BÓKAÚTGÁFA SIGRÚN DAVÍÐSDÓTTIR

Bókaútgafendur eru eins og sauðfé – þeir halda sig í hnapp og fara allir í sömu átt,“ sagði Christopher Maclehose bókaútgafi fyrir nokkrum árum. Maclehose rak um árabíl Harvill Press, hefur gefið út Laxness og Arnald Indriðason sem hann hefur dálæti á. Forlagið var stofnað 1946 til að kynna erlendar bókmenntir í Bretlandi en var svo komið undir Harper Collins sem fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch á. Þegar Maclehose þreyttist á peningjahyggju Harper Collins keypti hann forlagið 1995 en seldi það tæpum áratug síðar til risans Random House. Nú vinnur hann hjá litlu forlagi reknu af mönnum sem líkt og hann hafa yfirgefið stóru forlögin – ferillinn er þróun breskrar bókaútgáfu undanfarna áratugi í hnotskurn.

Í grófum dráttum eiga þrjú risafyrirtæki megnið af forlögum hér: Fjölmiðlakóngurinn Rupert Murdoch og þýsku risaútgáfufyrirtækin Bertelsmann og Holtzbrinck. En lítil forlög spretta upp, rekin af ástríðufólki með bók í hjartastað.

Hverjir helstu áhrifavaldarnir eru í bókaútgáfu er erfitt að segja en höfundar þurfa umboðsmenn til að koma afurðum þeirra á framfæri við forlögin. Í þeim geira hafa líka myndast risafyrirtæki en um leið spretta upp smærri skrifstofur. Þróunin í bóksölu er svipuð: stóru keðjurnar ráða lögum og lofum en eldhuga bókaunnendur halda áfram að opna litlar bókabúðir.

Orðsporið blífur þó enn – og þar skipta lesklúbbarirnir máli: hér í Englandi skipta þeir þúsundum. Að vissu leyti má segja að aldrei hafi verið jafn miklir gróskutimar í bókaútgáfu – bækur fá athygli og umfjöllun og seljast grimmt – en það eru þó ekki endilega gæðabækurnar sem seljast mest.

Þeir stóru verða stærri

Drátt fyrir styrka stöðu enskunnar eru bandarísk fyrirtæki ekki að kaupa bókaheiminn heldur evrópsk fyrirtæki, ekki síst þýsk og frönsk. Næstum í hverri einustu sölu á bandarísku forlagi undanfarnin áratug hefur kaupandinn verið erlendur.

Ástæðan er í grófum dráttum sú að þótt forlögin séu kannski stór í sínum geira eru þau lítil sem fyrirtæki og skila ekki þeim hagnaði sem bandarískir hluthafar krefjast. En séð með þýskum og frönskum augum er bandarísk hagnaðarvon vænleg. Fyrirtæki eins og News Corp. í eigu Murdochs, Bertelsmann og Holtzbrinck sem eiga stóra sneið af bókaútgáfu heimsins eru ekki hlutafélög heldur í eigu fjölskyldna sem þurfa ekki að dansa eftir pípu hagnaðarkrefjandi hluthafa.



Anne Enright vann Man-Booker verðlaunin í ár en Man-keðjan er í eigu Baugs sem lesendur Fréttablaðsins kannast við.

Í fyrra seldi fjölmiðlarisinn Time Warner bókaútgáfu sína, þar á meðal forlög eins og Little, Brown og Warner Books, til franska Lagardère sem auk hátækni- og flugiðnaðarfyrirtækja á Hachette-bókaútgáfuna. Þó að Time Warner væri fimmti stærsti bókaútgafi í Bandaríkjunum námu verðmæti bókaútgáfunnar aðeins 0,6 prósentum af markaðsverðmæti fyrirtækisins. Uppkaupin í Bandaríkjunum hafa sín áhrif á breska markaðnum þar sem flest stóru forlögin hér eru í eigu sömu aðila.

Enska undantekningin er Penguin Group, í eigu fjölmiðlafyrirtækisins Pearson. Þegar hinum annálaða bókaútgafanda Allen Lane datt í hug árið 1935 að gefa út tíu bækur með ódýru og einföldu sniði og kallaði ritröðina Penguin varð það upphafið að einni mestu afrekasögu í bókaútgáfu. Árið eftir höfðu selst þrjár milljónir Penguin-bóka. Pearson keypti Penguin þegar Lane lést 1970 og það er nú alþjóðlegur útgáfurisi á snærum Pearson, sem á dagblaðið Financial Times og er einn stærsti útgafi kennslu-efnis í heimi.

Ástríðan flýr samþjöppunina

Tvö lítil forlög standa að baki tveimur mestu sölubókum undanfarnna ára. Profile var stofnað 1996, fór hægt af stað, einbeitti sér að fagbókum og gaf 2003 út „Eats, Shoots & Leaves“. Bókin er um réttirun og málnotkun, varð óvænt metsölibók sem tvöfaldaði veltu Profile í tæpar sjö milljónir punda, um 900 milljónir króna, og hefur selst í þremur milljónum eintaka. Canongate var keypt út úr stóru forlagi 1994 og gaf út „Söguna af Pí“ 2002 sem jók veltu forlagsins um 70 prósent, í sjö milljónir punda. Bókin hlaut Booker-verðlaunin það ár, varð metsölibók á fjörutíu málum og hefur selst í fjórum milljónum eintaka.

Anvil Press og Bloodaxe, bæði rekin af stofnendum sínum, sérhæfa sig í ljóðaútgáfu sem fæst forlög líta við. Blóðaxarnafnið er í minningu Eiríks blóðaxar fyrir að stuðla að tilurð Höfuðlausnar Egils Skallagrímssonar. Fyrir utan að líta ekki við ljóðum frábiðja flest forlög sér leikrit, vísindaskáldsögur og barnabækur en láta það efni eftir forlögum sem sérhæfa sig á þessum sviðum.

Bloomsbury var stofnað 1986 til að gefa út úrvalsbækur. Þegar umboðsmaður J.K. Rowling leitaði útgafanda var Bloomsbury eini útgafandinn af fimmtán sem tók bókinni en útgafandinn ráðlagði Rowling að finna sér vinnu því það væri ekkert lífibrauð í barnabókum. Bókin kom út 1997, tveimur árum eftir að Rowling lauk bókinni. Nú er Bloomsbury farið að

kaupa upp forlög og stækka ört.

Árið 2005 stofnaði Philip Gwyn Jones Portobello Books ásamt Sigríð Rausing, sem er erfingi Tetra Pak og ein auðugasta kona Bretlands. Portobello á Granta Books sem gefur út sögufrægt tímarit. Gwyn Jones er fyrrverandi útgafi Flamingo sem Harper Collins lagði niður þó að Gwyn Jones hefði gefið út „The God of Small Things“ eftir Arundhati Roy og „No Logo“ eftir Naomi Klein. Afkoman veldur Rausing varla svefnleysi. Í fyrra gaf góðgerðarstofnun hennar fimmtán milljónir punda, tæpa tvo milljarða króna, og það hefur farið ögn í taugarnar á ýmsum bókamönnum að Rausing hefur stundum talað um bókaútgáfu næstum eins og góðgerðarstarf.

Hverjir ráða í bókaheiminum?

Þegar dagblaðið Guardian birti í fyrra lista yfir þá áhrifamestu í bókaheiminum var fólk úr öðru en bókaútgáfu í þremur efstu sætum. Í fyrsta sæti var framkvæmdastjóri bókaútgáfu á sjónvarpsstöðinni Channel 4 – umfjöllun þar tryggir metsölu. Í öðru sæti var bókaútgáfustjóri Tesco, stærstu kjörbúðakeðjunnar, og í þriðja sæti einn af yfirmönnum samkeppnisstofnunar vegna yfirvofandi samkeppnisúrskurðar í bók-

sölu. Bókaheimurinn er því háður öðrum en útgefendum og almanna-tenglar skipta æ meira máli þar sem víðar.

Hér í Bretlandi leika umboðsmenn lykilhlutverk í að fá höfundu útgafna því flest forlög líta ekki við höfundum heldur aðeins umboðsmönnum sem þau þekkja til. Og þar sem umbarnir lifa á þóknunum þegar bækurnar fást gefnar út, yfirleitt 15-20 prósentum af greiðslunni til höfundar, skiptir bókmenntagildið ekki öllu.

Margar sögur eru af höfundum sem hafa endað með að selja vel eftir að hafa fyrst fengið óteljandi neitanir frá umbunum. Einn metsöluhöfundur sagði mér að hann hefði sent fyrsta handritið sitt til 25 umbarna, 24 höfnuðu en eitt „já“ kom bókinni á prent. Öflugustu umbarnir hafa sambönd við kvikmyndageiminn þótt það vekir engelsi ýmissa heittrúaðra bókaheimanna þegar höfundar skrifa hikstalaust bækur til að þær endi á hvíta tjaldinu en ekki bara í bókabúðum.

Bókabúðir og lesklúbbar

Bókabúðirnar geta haft mikil áhrif á sölu. Forlögin veðja því á ákveðnar bækur og greiða bókabúðakeðjurnar háar upphæðir til að þær lenti á besta staði í búðinni. Bóksali sem lítið fer fyrir en selur þó grimmt er „Book People“.

Ted Smart stofnaði fyrirtækið fyrir tæpum tuttugu árum þegar honum datt í hug að fullt af fólki færi aldrei í bókabúðir. Hann náði sér í gamla lagera og bauð bókaþakka á vinnustöðum.

Þegar Smart seldi fimmtán prósent í fyrirtæki sínu 2002 bar hann tólf milljónir punda úr bítum. Í haust sló fyrirtækið meira að segja Amazon við og vann verðlaun breskra bóksala fyrir bestu beinu sölu.

Gagnrýni hefur enn sitt að segja en blogg og nettskrif, til dæmis á Amazon, geta haft gríðarleg áhrif. Og jafn gamldags miðill og orðspor hefur mikið að segja. Fólk sem les og segir öðrum frá bókum af áhuga er gríðargóð auglýsing.

Lesklúbbar, hópar áhugasamra lesenda, miðla orðsporið vel. Í Englandi eru mörg þúsund svona klúbbar og bæði forlögin og fjölmiðlarnir róa á þessi mið. Bókaforlögin bjóða upp á alls kyns ítarefni um bækurnar og fjölmiðlar beina efni til lesklúbba. BBC er til dæmis með útvarpsþátt þar sem bækur eru

ræddar eins og í lesklúbbum en þó með þeirri undantekningu að höfundurinn mætir, sé hann á lífi.

Þegar „Svo fögur bein“ eftir Alice Sebold kom kom tók enginn eftir henni en orðsporið og lesklúbbar vöktu á endanum athygli bókaheimar Channel 4, sem hefur tryggt henni milljónasölu.

Bókaútgáfa í Bretlandi:

- **2006 seldust** 787 milljónir bóka. Söluverðmæti úr búð var 3,3 milljarðar punda, um 400 milljarðar króna, í Bretlandi, 3% meira en 2005.
- **Nýir og** endurútgefnir titlar 2006 voru 115.522 en voru 125.390 2002.
- **Stærstu bókaflokkarnir** eru skáldsögur, barnabækur og bækur um sagnfræði.
- **Á snærum** meðlima Booksellers Association eru nú 4410 búðir, 34% fleiri en 1997.
- **2006 voru** 2280 bókaútgafendur í Bretlandi. Í samtökum óháðra útgafanda, Independent Publishers Guild, eru 480 útgafendur sem spanna allt frá einmennings rekstri upp í meðalstór forlög.

(Tölur frá The Publishers Association og Independent Publishers Guild)



PROSPECT- LESKLÚBBURINN

Lesklúbburinn minn er kenndur við tímaritið Prospect sem fjallar um þjóðfélagsmál, því þar var fyrst auglýst eftir meðlimum í lesklúbb fyrir ellefu árum síðan. Í hópnum eru um tuttugu manns en yfirleitt átta til tólf sem mæta og fæst okkar hittast nema í klúbbnum. Við hittumst einu sinni í mánuði, til skiptis heima hjá þeim sem búa miðsvæðis, borgum 4 pund til húsráðanda, um 500 krónur og það nægir fyrir matarbita og vinglasí sem húsráðandi býður upp á. Allir hafa lesið bókina sem er á dagskrá og í lokin ræðum við aðrar bækur sem kemur til greina að lesa. Við skiptumst á að lesa skáldsögur og aðrar bækur. Fólkið í hópnum kemur víða að en á það sammerkt að vera víðlesíð og einlægir bókaunnendur.

Verðlaun og fræg nöfn

Þegar írski rithöfundurinn Anne Enright vann Booker-verðlaunin nú nýlega fyrir „The Gathering“, írsku fjölskyldusögu, hafði bókina aðeins selst í um þrjú þúsund eintökum – hlutfallslega er það eins og sala upp á fimmtán eintök á Íslandi. Sú tala gæti nú hæglega hundraðfaldast á heimamarkaðnum og enn betur ef hún fer á flakk út í heim.

Booker-verðlaunin heita fullu nafni Man-Booker verðlaunin og eru fjármögnuð af fjárfestingar-fyrirtækinu Man. Booker dregur nafn sitt af breskri heildsölukeðju sem Baugur á, án þess þó að Booker-verðlaunin yrðu að „Baugsverðlaunum“.

Verðlaunin nema fimmtíu þúsund pundum, um 6,5 milljónum króna. Það munar um fleira en verðlaunaféð. John Banville, sem vann Bookerinn 2005 fyrir „The Sea“, sögu um æskuatburði í ljósi liðins tíma, var þegar orðinn þekktur rithöfundur en seldi aldrei mikið. Nú seljast allar fyrri bækur hans vel. Þó að mörg önnur bókmenntaverðlaun séu veitt hér vekur Bookerinn mesta athygli.

Helsta útgáfufréttin þessa mánuðina er fyrirhuguð útgáfa Tony Blair, fyrrverandi forsætisráðherra, á ævisögu sinni hjá Random House. Gail Rebeck, framkvæmdastjóri Random House UK, er gift nánnum vini Blairs, sem hafði vísast sitt að segja. Sami lögfræðingur og samdi fyrir Bill Clinton um hans endurminningar sá um samning Blairs, sem fær að öllum líkindum um 650 milljónir króna fyrir útgáfuréttinn auk ágóða af sölunni þegar þar að kemur. Til samanburðar má nefna að Nóbelsverðlaunin nema „aðeins“ um 95 milljónum króna.

„Eymdarsögur“, „misery sagas“, bækur um dapurlega æsku, eru orðnar svo stór grein að bókabúðirnar eru margar komnar með sérstakar hillur fyrir sannar raunasögur. Spennusögur dafna og vaxa enn eftir metsölu „Da Vinci lykilsins“ sem alla útgefendur dreymir um. Þó að útgefendur segist leita nýjunga víðurkenna flestir að Maclehose hafi rétt fyrir sér, bókaútgefendur rói á reynd mið – þó að metsölubækur komi oft úr óvæntri átt.

Fylgdin til Omdurman

Hjálmar Sveinsson heimspekingur og Geir Svansson bókmenntafræðingur hafa stofnað útgáfu, Omdurman. Þeir hafa sent frá sér greinasafn eftir Pierre Bourdieu í Atviksröðinni í samstarfi við Reykjavíkurakademíuna og nú er að koma út Nýr penni í nýju lýðveldi – Elías Mar – viðtalsbók og drög að greiningu á ferli skáldsins. Fleiri rit eru í vinnslu, smásagnasafn Megasar, óþekkt sjálfsvæisaga Þórðar Sigtrygg-

sonar tónlistarmanns sem mun vekja mikla athygli, smásagnasafn Elíasar auk þýðdra rita. Bókin um Elías er fallega út gefin, hönnuð af Höskuldi Harra sem vann með þeim bækur um Dag, Megas og Rósku.

Hjálmar segir útgáfuna einkum huga að verkum sem eru í jaðrinum, hafa ekki komið út eða eru gleymd. Hann tók að hitta Elías fyrir fáum árum en skáldið féll frá í sumar. Verk hans frá

fimmta og sjötta áratugnum eru gleymd en Hjálmar segir þau mikilvægan hlekk í skáldskap liðinnar aldar og styður það ýmsum rökum.

Þeir félagar hafa báðir lagt merkt framlag til samtímarannsóknna og er spennandi að fylgjast með útgáfunni: bók Hjálmars lofar góðu um útgáfuna. **bb**



ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ

Gefum góðar stundir

Gjafakort Þjóðleikhússins er kjörin jólagjöf fyrir fólkið sem skiptir þig máli.

Ævintýraheimur leikhússins er handan við hornið því korthafar þurfa aðeins að velja sér sýningu og geta síðan eignast ógleymanlega stund með fjölskyldu og vinum.

www.leikhusid.is

ÞAÐ Á AÐ GERA ÞETTA MEÐ STÆL

Hilmar Einarsson í Morkinskinnu er þekktur maður í miðbæ Reykjavíkur. Það er hægt að ganga að honum vísu á kaffihúsi í hádeginu og öðru á morgnana. Hann er líklegast þessi Reykvíkingur sem menn úti á landi bölsótast út í þegar þeir tala um kaffihúsapakkið í Reykjavík, þessa í 101. Hilmar hefur í nær aldarfjórðung rekið Morkinskinnu, fyrirtæki sem er sérhæft í viðgerðum á listaverkum. Hann er borinn og barnfæddur Reykvíkingur og vill hvergi vera nema í Þingholtunum, þótt hann hafi í mörg ár horfið burt úr borginni á sumrin og dvalið í Hringisdal við Arnarfjörð.

MENNING PÁLL BALDVIN BALDVINSSON

Þú ert eins og Frakkinn sem hingað kom 1968 og ílentist og sagðist vita að hann væri að koma í þorp. Hann tæki ekki í mál annað en að búa í þorpinu miðju, en ekki einhverstaðar í jaðri þess.

„Já, ég er fæddur á Lýsgötu 1 og hef alltaf búið þar. Ég get ekki þrífist nema hérna í miðborginni. Það voru 400 metrar í vinnuna en nú eru þeir bara 70. Við erum hér á Freyjögötu 1 þar sem maður þekkti vel til í gamla daga: hér versluðu Silli og Valdi og hér keypti maður skauta í Goðaborg og startskot til að hrekkja nágranna. Það er búið að breyta hér svo mörgum húsum þar sem áður var einhver smárekstur þannig að það er orðið erfitt fyrir fyrirtæki að komast í húsnæði á þessum slóðum. Það er búið að múra upp í gluggana. Litlu búðirnar eru horfnar. Þingholtin voru skemmtileg blanda af atvinnufyrirtækjum og íbúðarhúsnæði. Maður spekulera oft hvað þetta voru litlar einingar ef maður skoðar húsnæðið í dag en af þessu gat kaupmaður lifað með fjölskyldu.“

Steinbær og menn

„Annað sem er að hverfa úr Þingholtunum er þessi sérstaka reykvíska uppfinning – eina framlag Reykjavíkur til byggingarlistarinnar: gamli steinbærinn. Þeir eru fáir eftir.“

„Já þeir eru margir horfnir. Húsið á horni Bergstaðastrætis og Spítalastígs þar sem Guðmundur Árnason móðurbróðir minn rak sitt innrömmunarverkstæði var steinbær, þar á móti var Brenna sem líka var steinbær. Þar er Bernhöftsbakarí núna. Í Brennu var Tigrisklóin, hryðjuverkasamtökin í hverfinu. Sem polli var maður látinn pissa á flöskur og Ingi Hrafn myndlistarmaður var með dælu sem þeir notuðu til að sprauta þessu á stráka í næstu götum. Það voru götuóeirðir hérna: maður þurfti að passa sig. Bergþórugatan og Þórsgatan voru hættulegir staðir sem maður sneiddi hjá. En steinbæirnir eru margir horfnir.“

Hér var einn þar sem Norræna félagið er

núna við Óðinstorg. Við hann var langur skúr og þegar snjór var mátti renna sér frá mæni og niður. Tobbubær við Skólavörðustíg þar sem Þorbjörg Sveinsdóttir bjó fyrst og húsið fyrir ofan þar sem Benedikt Sveinsson faðir Bjarna og þeirra bræðra bjó. Hann kom til þabba þegar hann var búinn að fá sér í löppina og þegar Guðrúnu Pétursdóttur, konu hans, var farið að lengja eftir honum, leit hann út um gluggann og sagði: Nú er óvinurinn á leiðinni.“

Pappír og lín

Hilmar fór ungur til Svíþjóðar og menntaðist í forvörslu á pappír, fornbókum og skjölum í Konunglegu bókhöðunni. Þegar heim kom réðist hann á viðgerðastofu Landsbókafnsins sem var á jarðhæð gamla Landsbókafnsins en þar var gert við gögn frá Landsbóka- og Þjóðskjalasafni: „Maður kynntist þar þessum heimi sem er breyttur í dag, sem nú er bara „kaffi latte“: þarna voru þessir fræðimenn og grúskarar, mjög sérstakt fólk, það var ekki praktískt að mörgu leyti. Einhvern tíma vantaði hespu á karlaklosettið og ég fór til Finnoga Guðmundssonar landsbókavardar og bauðst til að stökkva upp í Brynju og kaupa hespu: hann klappaði á öxlina á mér og sagði: Þið eruð alltaf jafn hvatvísir af Víkingslækjarættinni.“

Á þessum árum var lítið um skóla á Norðurlöndum þar sem forvarsla var kennd. Menn komu sér í vinnu á söfnum og lærðu þar. Þegar Ríkarður Hörðal sneri heim frá Höfn úr fyrsta skólanum sem settur var upp á Norðurlöndum til að kenna forvörslu var hann með fyrstu nemendunum sem útskrifuðust. Þeir Hilmar stofna þá Morkinskinnu. Það eru tuttugu og fimm ár síðan. Fyrir þann tíma sendu menn verk til Danmerkur til viðgerða: „Það hefur verið mikið fyrirtæki og áhætta að senda svona hluti erlendis,“ segir Hilmar.

Myndir og menn

„Það segir sig sjálf að það safnast skítur á málverk á löngum tíma, einkum á stöðum þar sem mikið var reykt. Ég og samstarfsmaður minn, Klara Steinsdóttir sem er menntaður forvörður, segjum það stundum ef óhreinindalagið er þykkt að nú sé verið að fjarlægja Bjarna frá Vogu. Svo verða slys og óhöpp,“ segir Hilmar. En afskipti hans af

myndlist urðu meiri en bara viðgerðir og innrömmun á eldri verkum vegna skemmda úr heitum og þurrum hífylum landsmanna. Eyjólfur bróðir hans er myndlistarmaður og hann hefur alltaf átt mikið samneyti við myndlistarmenn: „Ég byrjaði snemma að sækja Mokka kaffi og læt aldrei bregðast að fara þangað í hádeginu. En ég fór ungur til Kaupmannahafnar og var að vinna þar á skjallasafni í sambandi við forvörslu og þá varð ég heimagangur hjá Tryggva Ólafssyni og Gerði, bjó í næstu götu við þau. Þar var hálfgerð járnbrautastöð og þá kynntist maður þessum mönnum. SÚM-hópurinn var þá byrjaður og menn voru að fara með sýningar milli landa. Þeir eru frændur mínir Sigurður og Kristján Guðmundssynir. Gylfi Gíslason myndlistarmaður var héðan af þessum slóðum og við vorum samferðamenn. Við Gylfi hittumst næstum daglega. Ég fór oft til hans á kvöldin þar sem hann var búinn að koma sér ágætlega fyrir á Skólastrætinu. Ég sakna Gylfa mikið.“

Gylfi Gíslason lést í fyrra á heimili sínu á Skólastræti. Fyrir honum lá að taka við Íslensku bókmenntaverðlaununum fyrir hlut sinn í bókinni miklu um Kjarval en Kjarval var hans maður: „Það var fyrsta opinbera viðurkenningin sem hann fékk í lífinu. Fyrir mér var Gylfi alltaf teiknari, hann var ótrúlega góður teiknari og hann dáði Kjarval mikið.“

SÚM-árin og konseptið

„Hvað var það sem heillaði þig hjá SÚM, eins undarlega og sá hópur var saman settur?“

„Það besta sem kom út úr SÚM getum við séð á sýningunni hans Hreins Friðfinnsonar í Listasafni Reykjavíkur. Kristján Guðmundsson finnst mér líka frábær listamaður.“

„En þeirra frægð kemur að utan?“

„Ég held það. Mér fannst það svolítið sérstakt þegar talað var um að Kristján Davíðsson væri vanmetinn listamaður. Ég skildi ekki alveg hvað það innbar. Fyrir þrjátíu árum fannst mér hann mikils metinn, ég veit ekki hvort hann er ofmetinn í dag. Ef það eru einhverjir sem eru vanmetnir á Íslandi í dag þá eru það þessir tveir menn, Kristján og Hreinn. Ekki það að þeir séu ekki mikils metnir af þeim sem eitthvað þekkja til hlutanna. Það er stór hluti af fólk sem veit ekki hver Hreinn Friðfinnsson er, eða Kristján. Þeir eru menn sem eru ekki með miklar auglýsingar.“

Frami manna ræðst dálítið mikið af því hvort þeir eru nálægt hringiðunni, einhverju alþjóðlegu umhverfi. Ef Svavar Guðnason hefði bara verið áfram í Danmörku en ekki komið heim eftir stríðið, þá er hægt að ímynda sér hver staða hans væri. Asger Jörn væri bara við hliðina á honum. Svavar þar hverfur inn í þetta litla samfélag. Þetta er öðruvísi í dag þegar ungt fólk fer bara þangað sem það vill vera og því líður vel. Og þá opnast einhver allt annar heimur, annarskonar markaður.“

Markaðurinn

„Því er haldið fram að myndlistarmaðurinn hér á landi sé að styrkjast?“

„Ég er ekki fjarri því að upp-

boðsmarkaðurinn sé að sækja í sig veðrið, en um hvað erum við að tala: þetta eru 140 milljónir í veltu á ári. Hvaða djök er það? Ef maður skoðar erlenda katalóka um nútímalist þá er þetta örstærð. Öll veltan er eins og listaverk eftir mann á miðjum aldri í útlöndum.“

Í öllum löndum er heimamarkaður. Ef það er rétt að verk eftir Kristján Davíðsson séu að seljast á fimm til tíu milljónir, þá er spurningin hvað gengur sú hækkun langt fyrir heimamarkað. Þegar menn eru að tala um tíu milljónir geta þeir farið að skoða verk á heimsmarkaði.“

Söfnin hér á landi hafa alveg vanrækt að kaupa erlenda list. Það þýðir ekkert að tala um að fara að kaupa verk eftir einhverja sem þegar njóta áhlts. Það verður að byrja einhverstaðar og menn verða þá að byrja smátt og veðja á eitthvað. Það þýðir ekkert að hugsa um eitthvað sem er ófyrstíganlegt. Ætlar fólk aldrei að eignast erlenda myndlist?“

Svo getur maður líka sagt að það sé nauðsynlegt að hafa brautryðjendurna. Það geta liðið áratugir án þess að það sjáist verk eftir menn sem eru komnir yfir miðja aldur. Listasafn Íslands líður fyrir margt, húsnæði til dæmis. Kristján Guðmundsson sagði um notagildi hússins þegar það var opnað að það væri eins og sundlaug með 30 sentimetra djúpu vatni.“

Heimsfrægir menn til kaups

„Richard Long og Donald Judd sýndu hér í gamla SÚM-salnum með Kristjáni Guðmundssyni fyrir fjölda ára á Listahátíð og voru þá tilbúnir að selja verk sín hér fyrir brot af því sem fékkst þá fyrir verk þeirra í útlöndum en enginn hafði áhuga á því. Listasafnið var lengi að velta fyrir sér kaupa á verki eftir Long en hætti við. Í dag sér maður verkið í erlendum tímaritum og það er ómetanlegt.“

Það er bara Pétur Arason sem bar skynbragð á þetta. Honum tókst það sem opinberu söfnunum tókst ekki: að koma upp samtímalistasafni sem nýtur alþjóðlegrar viðurkenningar. Það er mesta katastrofa í menningarlífi okkar að SAFN skuli vera að loka. Maður er bara þunglyndur. Ég þekki þetta mjög vel. Ég starfaði við hliðina á honum með Morkinskinnu. Það var afskaplega gaman að stinga sér þarna inn. Þetta gamla hús sem þau gera upp á fagmannlegan hátt. Þetta er svo frábærlega hannað, og hugsunin í þessu að fólk trúir ekki sem kemur þarna inn að hægt sé að sýna nútímalist í þessum vistarverum. Það sýnir sig oft að minna rými kemur þér í meiri nálægð við verkið en finnst í stórum sölum. Þetta fannst mér brenna við á sýningunni hans Hreins Friðfinnsonar í Listasafni Reykjavíkur. Rýmið gleypir verkin. Til dæmis verkið með skónum, A pair. Pétur hefur sýnt það og það gerði sig svo vel. Safnið þeirra Rögnu er stórmerkilegt framtak og væri algert slys að þessu yrði öllu pakkað niður. Hver einasta sýning sem þarna hefur verið sett upp hefur verið einstaklega vel hugsuð og Pétur leggur alveg gríðarlegan metnað og vinnu í þetta. Þannig að þetta snýst verulega mikið um hann.“

Mæða í miðbænum

„Þið Pétur hafið talað dálítið um





MYND: FRETTLAÐIÐ/VALLI

ástandið á Laugaveginum og götunum í kring?

„Já, við vorum í góðri stöðu til að sjá hvernig hverfið á þessu svæði fór. Það er mikið þarna af bakhúsum og ástandið var lengi þannig að maður hugsaði: hvenær ætlar þessi niðurlæging að taka enda? Þá er ég að tala um niðurlægingu húsanna sem eigendur hafa forsómað að halda við. Svo er þarna sest að ógæfu-fólk, hefur hreiðrað um sig og það er ekki nokkur staðar á byggðu bóli slík vanræksla á miðborg og við höfum mátt horfa upp á.“

Kringlan sló lífsmarkið úr þessum miðbæ á sínum tíma. Það átti að byggja einhvern nýjan miðbæ. Og miðbærinn lamaðist. Ef maður gekk niður Bankastræti þá var það eins og dauðs manns gróf. Það er þó eitthvað líf þar núna og byggðin eitthvað að þéttast. Forsenda þess að miðbærinn komist á réttan kjól

leiðin er varla fólksbílafær. Arnarfjörðurinn er perla.

Svo gerðist það í fyrirasumar að það var farið að grafa þarna, sumpart fyrir mína tilstuðlan. Það hefur lifað þarna munnmælasaga sem er skráð um 1885 sem segir frá vígaferlum Austmanns sem settist að í Austmannsdal og Hringssdal. Hringur kemur frá Noregi og Austmann eltir hann en þeir höfðu átt í deilum í Noregi. Síðan segir sagan að Hringur hafi sent menn sína til skógarhöggs inn á Steinnes gegnt Bíldudal og þeir fara að honum tíu eða tólf. Hann nær að drepa átta austmenn áður en þeir fella hann. Þarna eru öll ornefni: Víghellan þar sem hann hryggbraut þá, Ræningjalág þar sem þeir komu að honum upp frá bænum, þarna er Efri-Bardagagrund og Neðri-Bardagagrund og svo segir saga að þeir hafi verið heyðir niður á Bökk-

Hingað kom kvikmyndalið á vegum Discovery til að gera þátt um þennan fund, stór hópur, og var unnið handrit um fundinn frá fyrra sumrinu, fræðimenn komu vestur og mjög fagmannlega að þessu staði. Svo gerist hið óvænta við lokin á tókunum að það finnst annar fornmaður, að vísu búið að hrófla við gröfni, en það fannst mjög fín öxi undir beinunum. Það sér ekkert fyrir endann á þessu. Nú er búið að leggja fyrir beiðni um meira fjármagn. En þegar Hringur er kominn suður, þá sækja Austmenn að honum aftur: nú vilja menn reisa olíuhreinsunarstöð í Arnarfirði.“

Milljarða og ekki meir

Þú hefur orðað þá hugmynd að þú viljir fá Hring aftur í hérað?

„Þetta er ekki yfirgripsmikið svæði í sjálfu sér. Staðurinn er ótrúlega falleg-

ars. Arnarfjörður – olíuhreinsunarstöð – hvaða geðveiki er þetta eiginlega? Ólafur Egilsson, fyrrverandi sendiherra, sem ég þekki frá fornu fari og er mikill áhugamaður um listir og menningarmál. Ólafur hlýtur að hafa dottið á hausinn og það er mikið fall því maðurinn er á þriðja metra. Auðvitað verður aldrei af þessu.

Nú er búið að skipa afmælisnefnd vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, það fyrsta sem þeir eiga að gera er að friðlýsa Arnarfjörð – það er ekkert flóknara. Það er búið að eyrnamerkja tvöhundrað milljónir – þeir eiga láta það í smáverkefni: láta Bókmenntafélagið fá þá peninga en það styttest í 200 ára afmæli þess. Þeir gætu látið smáaura í safnið í Selárdal eða til að ljúka greftrinunum í Hringssdal. Það sem á að gera er að taka tvo milljarða og gera þetta með stæl. Á hundrað ára afmæli Jóns

Að störfum í Morinskinnu Hilmar Einarsson og Klara Steinsdóttir.

Nú er búið að skipa afmælisnefnd vegna 200 ára afmælis Jóns Sigurðssonar, það fyrsta sem þeir eiga að gera er að friðlýsa Arnarfjörð – það er ekkert flóknara

er að það verður að fjölga fbúnum. Þeir verða sækja sér þjónustu og það eykur verslun. Hver vill ekki búa í miðborg? Það er allt þangað að sækja. Það er praktískt að búa í miðborg. Ég segi oft: Ef það fæst ekki í 101 hef ég ekki not fyrir það.“

Leiðin vestur

„Hringssdalur var búinn að vera í eyði í þrjátíu ár þegar við keyptum jörðina. Við höfum eytt þarna lunganum úr sumrinu í tuttugu og fimm ár. Það er bara tímaspursmál hvenær þjóðin upp-götvar Vestfirðina. Það eru bara vegirnir sem standa í vegi fyrir því. Sunnan-

um sem kallaðir eru.

Ég hugsaði mikið um þetta en var ekkert að aðhafast en fór svo að garfa í þessu og það var til þess að það fannst þarna lærleggur fyrir tilviljun. Og þá var Adolf Friðrikssyni á Fornleifastofnun útdeilt þessu verkefni og hann fór í þetta og fann Hring, eða fornmann með öllum sínum vopnum. Hann finnst þarna með sverð, spjót, skjaldarbólu sem er heilleg og mjög fátíð, og hárkambur. Síðan var grafið aftur í sumar og þar fannst þá manngerð hleðsla inni í þessum kumlateg sem virðist algerlega óspilltur því þar hefur ekki orðið neitt jarðrask.

ur. Það er bakki við sjóinn og sér fram fjörð og inn fjörð. Ég hef verið að hugleiða hvort það sé hægt að gera eitthvað með þetta á þessum stað. Það er allt framkvæmanlegt ef það eru einhverjir peningar. Vitaskuld verður að standa vel að því, en ég hef hugsað að þetta yrði að vera sem aðgengilegast, hugsanlega sé hægt að skoða fornmanninn í sinni gróf. Ekki með einhverri byggingu þótt það verði kannski endirinn á að þess þurfi. Ég hef mikinn áhuga á þessu.“

„Víkjum þá að hinum nýju austmönnunum.“

„Þessu laust niður eins og eldingu þegar þessi umræða hófst í byrjun sum-

Sigurðssonar var stofnaður Háskóli á Íslandi 1911. Svo ætla menn að setja 200 milljónir í þetta hátíðahald nú? Hvað er það? Það á að gera þetta með stæl, ekkert svona hérumbil. Fyrir hundrað árum áttu menn ekki neitt, núna eigum við allt. Hrafnseyri er ótrúlega fallegur staður. Og Arnarfjörður er engu líkur. Brátt koma göng svo það opnast allt svæðið. Hátíðanefndin á að fá til samstarfs við sig listafólk og aðra og búa til hugmyndabanka. Það er ekkert þarna sem dregur til sín fólk og því þarf að breyta. Við erum að tala um sjálfstæðis-hetju Íslendinga. Við eigum að gera þetta stórt, ekki smátt.“

Í FÁTÆKRALANDI

Í vikunni kemur út ný bók eftir **Pétur Gunnarsson** – þroskasaga Þórbergs Þórðarsonar. Hér að neðan er birtur hluti af þriðja kafla verksins en Pétur hefur víða leitað fanga, bæði í útgefnum og óútgefnum verkum, sendibréfum, dagbókum og óútgefnum ævisöguhandriti, auk annarra heimilda, til að draga upp mynd af skáldinu og hugarheimi þess og veruleika. JPV útgáfa er útgefandi.

Um vorið, á vinnuhjúaskildaga 15. maí 1913, er Þórbergi sagt upp húsnæðinu á Skólavörðustíg

10. Þessi umgjörð frelsis og ástar, þessi Paradís í endurliti, nú var honum úthýst þaðan, ekki með látum, þvert á móti tekur það sómahjónin Berg og Hólmsfríði sárt, „en þetta getur ekki gengið svona lengur“.

Nei, og hann finnur fyrir létti, því um leið losnar hann undan augliti lánarrottanna, losnar við samviskubitið yfir að standa ekki í skilum.

Eftir nokkra leit býðst honum lítil þakherbergiskompa í Þingholtsstræti 33, nýlegu húsi Þorsteins Erlingssonar skálds. Þangað flytur hann með þjónkur sínar: rúm, stól, borð – allt fengið að láni – og svo forlata kopp sem frá Hólmsfríður hafði skenkt honum að skilnaði, gamlan ættargrip.

En hvar á hann að matast?

Ég byrjaði með því að kaupa mér bollapar, svolitla kastarolu og agnarlitla sprittvél hjá Zimsen og hálflosku af brennsluspirit. Vélín var á stærð við lítinn kaffibolla og kostaði 50 aura. Síðan byrjaði ég að draga matföngin í búid: rúgbrauð, sigtibrauð, margarín, ost, kókó og hvítasykur. Þetta var mitt daglega brauð í



Þórbergur Þórðarson þann 13. október 1919, rétt sex árum eftir lýsinguna í kaflanum sem hér fylgir.
MYND: ÓLAFUR MAGNÚSSON KONUNGLEGGUR HIRDLJOSMYNDAR/PJÓMINJASAFN

hálfan þriðja mánuð, sem ég neytti þrisvar á dag að þeirrar tíðar hætti: fyrir hádegis, um þrjúleytið og nálægt átta á kvöldin. Og búid var ofan á lífsspekibókunum í koffortinu.

Þessi kostur dugir að sjálf-sögðu engan veginn til að næra og endurnæra líkamann. Aftur á móti fer þokkalega um andann, þetta er í fyrsta skipti sem Þórbergur er einn í herbergi. Þessi sjaldgæfi munaður að geta legið á bakinu og horft upp í súðina og fundið hvernig veröldin fyrir utan breytist í fjarlægum ym. Það er undir manni sjálfum komið hvenær maður vaknar og hvenær maður sofnar eða hvort maður yfirleitt vaknar

eða hvort maður vakir alla nóttina.

Nú er gólfið að vísu ekki loftið á herbergi Elskunnar og hljóðin sem berast að neðan eru ekki hún að búa sig undir svefninn heldur umgangur frá skáldinu, eiginkonu og börnum þeirra ungu. Húsið er Þorsteini þungt í skauti og til að hafa upp í greiðslur verður hann að leigja út bæði risherbergin. Hinum megin við þilið leigir stúlka og sú á kærasta sem er í fimmta bekk Menntaskólans og þegar hann kemur í heimsókn taka að heyrast hljóð sem fara ekkert á milli mála.

Matarbirgðir eru á þrotum. Þrotnar. Þá þarf að kaupa í matinn – eins og þessi setning hljómar blátt áfram í nútíma-

eyrum, er hún nánast vísindaskáldskapur í vestara risherberginu á Þingholtsstræti 33. Ofvitinn á ekki túskilding með gati. Þá er að fá sér vinnu, gæti nútímalesandi hugsað. Í Atvinnukálfnum sem fylgir sunnudagsblaði Morgunblaðsins í þessum skrifuðum orðum eru auglýst störf talin í hundruðum: „Góð manneskja óskast í sæl-gætis- og miðasölu í kvikmyndahúsi í Reykjavík. Um er að ræða helgar- og kvöldvinnu, gæti hentað vel með skóla,“ kjörið fyrir Þórberg. „Hús og hýbýli“ óskar eftir blaðamanni: „Viðkomandi þarf að hafa góð tök á íslensku, hafa áhuga á efni blaðsins og helst einhverja reynslu af skrifum,“ gæti Þórbergur skítýtt þá? Stöðugt er verið

að senda út neyðarköll eftir mannskap til að bera út blöð, holl hreyfing í morgunsárið sem myndi færa honum fæðis- og vasapeninga. Loks væri honum meira en velkomið að gerast póstur, hlutastarf þar sem menn geta gengið sér til heilsubótar í eigin þönkum...

Skodum nú Morgunblaðið þetta ár, 1913 – sem var reyndar stofnár þess – þar er engin vinna í boði. Vinna er svo yfirmáta sjaldgæf að losni starfi er honum óðara ráðstafað frá manni til manns.

Á hann að klæðast aftur í larfana og sveitast undir kolapokum eða skrifa ofan í einhvern skurðinn? Það myndi ganga frá honum endanlega. Þar að auki hefur hann strengt þess heit að slíta sér aldrei framur út í líkamlegri erfiðisvinnu, frekar skuli hann liggja dauður.

Það er því ekki um annað að ræða en halda út á göturnar í von um að rekast á kunningja sem kynni að vera aflögufær um fjórðung úr krónu. En áður en sonur Þórðar á Hala er sálfræðilega búinn undir slíka yfirstöplun háttvísinnar þarf hann að trekkja sig upp og helst takast með andrúki og skemmtilegheitum að gleðja eða impónera fórnarlambið áður en höggid er látið ríða.

Þannig höltruðu þessir svölu og sólarlitlu námsdagar milli reikulla lestrarstunda og nagandi kvíða fyrir næstu innkaupum. Og unga stúlkan og vinur minn í fimmta bekk héldu áfram að skilja hvort annað hinum megin við þilið. (...) Þegar leið fram í júní, fór ég að finna til sífellðrar þreytu og magnleysis í öllum líkamunum. Námsgáfurnar sljógvudust. Minnið dapraðist. Áhuginn sofnaði. Ég hélt ég væri að fá tæringu. Og það var kalt í veröldinni, og ég var kaldur og þreyttur, og ég var vesalasti maður á öllu Íslandi. 2)

1) OFVITINN, BLS. 328.
2) OFVITINN, BLS. 331.



Pétur Gunnarsson rithöfundur hefur unnið að þroskasögu Þórbergs um langt árabil.

Sagan af Bíbí

SAGAN UM BÍBÍ ÓLAFSDÓTTUR

Vigdís Grímsdóttir

★ ★ ★ ★

Játningar Íslendinga eru óvenjulegar bókmenntir. Ég hef oft furðað mig á því af hverju við skrifum og lesum þessi býsn af ævisögum. En sumar þessara sagna fjalla um fólk sem finnst mikilvægt að staldra við og setja spurningamerki við lífið – greina það og skýra, koma því í orð og finna því stað og samhengi. Oftast eru þetta sögur af fólkum sem vill skilja eitthvað eftir sig þótt bækurnar komi því misvel til skila.



Saga Bíbíar Ólafsdóttur er ekki venjuleg játningarsaga íslenskrar hversdagshetju eða stórmennis og hún er ekki sögð með fjarlægri hógværd heldur skáldlegri nálægð og hlýju. Það er líkt og einhver taki í höndina á lesandanum og leiði hann aftur í tímann.

Sagan hefst við fæðingu dótturinnar Jónínu Bjarkar sem síðar meir gefur sjálfri sér nafnið Bíbí. Stór hluti bókarinnar er helgaður

æskuminningum Bíbíar í braggahverfinu í Reykjavík, leikjum barnanna og lífsbaráttu fólksins – foreldra hennar og nágranna. Það kemur snemma í ljós að Bíbí hefur óvanalega hæfileika en sagan fjallar öðrum þræði um hvernig hún tekur hæfileika sína í sátt og lærir að nýta þá öðrum til góðs. Síðan fylgjast lesendur með Bíbí flytja frá einum stað til annars, leitandi að lífshamingjunni á misjöfnum stöðum og hjá misjöfnum samferðamönnum, koma sér upp fjölskyldu, byggja upp og bregðast á víxl eins og vant er með mannfólki.

Bernskubrek ungdómsáranna eru skemmtilegt viðfangsefni en skrásetjarinn, rithöfundurinn Vigdís



Vigdís Grímsdóttir leitar inn á nýjar slóðir í skrásetningu lífsbaráttusögu Jónínu Bjarkar Ólafsdóttur.

MYND: FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Grímsdóttir, gefur þeim líf og persónunum vængi. Þetta er virkilega fallega skrifuð þroskasaga og rödd Bíbíar afar persónuleg þótt bókinn verði seint sögð væmin. Bíbí er bæði meyja og kvendi, breysk hetja sem fyrir sinn hatt hefði sómt sér ágætlega í skáldsagnaheimi skrásetjarans.

Tíðarandinn og stemningin í kringum ólíka þætti í lífi Bíbíar vöktu forvitni – sér í lagi samskipti hennar við móðurina Þóru hvers nálægð er ávallt mikil og á köflum þrúgandi. Hún greinir frá dýrðar- og vandráðatímum en frásögnin er víða brotin upp á stöku stað þar sem birt eru viðtalsbrot, greinakorn og tilvitnanir. Myndir eru ekki margar sem skýrist víst af því að þó

nokkur alþing glötuðust í eldi á sínum tíma en hvoru tveggja auðgar frásögnina talsvert.

Saga Bíbíar er réttnefnd örlagasaga og hádramatísk á köflum en ljóst að manneskjunn sjálfri er það ekki tamt að spila upp dramatíkuna. Lífsviðhorf hennar er fremur að taka því sem að höndum ber af einstöku æðruleysi og húmor – hvort sem glíma hennar er við Bakkus, karlmenn eða sjálfa sig. Þetta er forvitnileg bók fyrir margra hluta sakir, helst hefði ég viljað lesa meira því frásögnin er ögn endasleppt undir lokin og eins saknaði ég meiri umfjöllunar um andleg störf Bíbíar en þau væru kannski efni í allt aðra bók.

Kristrún Heiða Hauksdóttir



Birgir Snæbjörn Birgisson

Kjarvalsstaðir

17. nóvember–13. janúar 2008

Í dag 18. nóvember kl. 15.00 ræðir listamaðurinn við sýningarstjórnann Mika Hannula. Verið velkomin.



Ljóshærð ungfú heimur 1951–



LISTASAFN REYKJAVÍKUR
REYKJAVIK ART MUSEUM



KAUPÞING

- er styrktaraðili sýningarinnar

Opið daglega 10–17. Ókeypis aðgangur alla fimmtudaga.
Aðgöngumiðinn gildir í þrjá daga á Kjarvalsstaði, í Hafnarhúsið og Ásmundarsafn.

www.listasafnreykjavikur.is

listasafn@reykjavik.is

sími 590 1200

Hjartansmál og getuleysi

EITTHVAÐ ANNAÐ. HUGRENNINGABÓK.

Einar Guðmundsson

★ ★

Hugrenningabók Einars er samkrull; (a) þroskasaga höfundar, „skáldatími“ – rekur tilurð þess að hann ánetjast skáldskap (og áfengi) með sérstakri áherslu á „tvítugsárið“ 1966, og glefur úr skáldsögu frá því ári sem aldrei komst á þrykk, (b) frásagnir í drygindalegum minningastíl af látnum drykkjubræðrum, dæmigærdum glötuðum snillingum – Pétri, Steinari og Jóni og öðru samferðafólki, (c) vangaveitur um skáldskapargáfuna, eigin skáldskap, kynhneigð (kynvillu), áfengi, sjálfsvíg og dauða. Öllu er steypt saman; gömlum og nýjum heilabrotum, útlekkingum á eigin texta, skúffukroti, dægurlagatextum á ensku og íslensku, bréfum frá vinum og kunningjum, minningagreinum, dagbókarbrotum – skáldskapur og veruleiki fléttast hvor inni hinn og leikur höfundur sér

að því að stíga yfir mörkin, bæði í lífi og skáldskap. Niðurstaðan er (meðvitaður) glundroði.

Gott svo langt sem það nær. Bókin er hins vegar hvorki nægilega rík af vekjandi hugmyndum né nægilega beittur skáldskapur til að hrífa lesandann með sér og kaffæra í sollinum svo gagn sé að. Byggingin er einfaldlega sundurlaus, stillinn tilþrifa- og agalaus, röddin fálmandi og allir bestu sprettir (og frumlegustu hugmyndir) bókarinnar eru tilvitnanir í aðra, einkum Steinar. Þá eru einstaka efnistök mjög þreytandi; kvenmynd bókarinnar er til dæmis óþolandi einhæf og forðomafull, karlungleg neðanþindarkljisja – birtist lesandanum sem dulvituð lofgjörð um getuleysi, andlegt sem líkamlegt. Ef til vill er það inntak bókarinnar; getuleysi.

Þá er digurbarki höfundar um eigin skáldskap broslegur; „hafði ég óafvitandi orðið mér úti um eigið ritform sem ég átti eftir að prófa í síðari bókum, sem líka áttu eftir að fara í taugarnar á mörgum þeim sem kunnu ekki að lesa,“ (102) og litlu síðar útskýrir hann hvernig frásagnarmáti Fellinis „tók sér bólfestu í penna mínum,“ (145) o.s.frv. Sjálfshól af þessu tagi er hjákátlegt ef meintum ágætum ritformsins og frásagnarmátans sér hvorki stað í því sem höfundur skrifaði 66 né í textanum frá 06 sem lesandinn hefur fyrir augum. Sagan af málaranum segir bara tvennt; höfundur hennar er lítið skáld og áfengi drepur. Heyrt það áður.

Merkasta hugrenning bókarinnar er hins vegar sagan af unglíngnum sem horfði uppá fyrirmynd sína í lífi og list svipta sig lífi – og þeim áhrifum sem sjálfsvígð hafði á hann (þótt hann gæti ekki komið því í skáldsagnaform), falið goð – einnig myndin af Pétri (þótt myndin af málaranum sé einskisverð) og því ægilega sálarstríði



Einar Guðmundsson rithöfundur

sem samkynhneigðinni fylgdi og hratt honum úti sjálfstortímingu áfengis og eiturs. Trúverðug lýsing og víða áhrifarík þótt mörkin á milli homma og perra virðist höfundu ekki fyllilega skýr.

Þá er slagkraftur í Jóni og Steinari þegar höfundur kafar með þeim ögn undir fyllerfið, delerfið og dópið og reynir að sjá

listamanninn í öllu þessu botnlausu getuleysi og aumingjaskap: Listamaður er sá sem aldrei selur sig, sá sem alltaf fylgir innri sannfæringu, sá sem „kemst inni kviku verundar sinnar og ræður í þær ógnfullu gátur sem lita tilveru hans og líf“ (Jón, 204). Listamaðurinn er guðsgervingur – „þar sem guð er ekki til, verð ég að skapa hann sjálfur, án guðs getur enginn lifað“ (144). „Skáldskapur er ekki hugsun heldur hljómkviða“ (Steinar, 164-171).

List er „þegar hjarta mitt þarf að kúka“ (132); spurning um þörf fremur en getu. Það eru örlög að vera listamaður, dýrkeypt og ljót örlög ef maður kemur engu á koppinn.

Ög mörkin veruleikans og skáldskaparins eru meira en leikur einn (eða, hvers á haddi g að gjalda?); „níðskáld yrkja um nafngreinda einstaklinga“ – Aristóteles: Um skáldskaparlíftina, bls 60.

Tætungsleg bók, óstílhreinn texti, máttlitið skáldskapur.

Sigurður Hróarsson

Sigrún Eldjárn myndlistarkona og rithöfundur. Um næstu helgi er ritþing í Gerðubergi henni helgað.



Glerfiskagaman

EYJA GLERFISKSINS

Sigrún Eldjárn

★ ★ ★ ★

Eyja glerfisksins eftir Sigrúnu Eldjárn er önnur bók höfundar um ævintýri sem gerast á einkennilegum eyjum í ævintýrlegri nánd við Reykjavíkurtjörn. Eins og oft áður skipar Sigrún á óvenjulegan hátt í samstarfshóp sögupersóna. Líkt og í Eyju gullormsins eru það unglíngarnir Ymir og Gunna ásamt krökkunum sem þau gæta sem eru söguhetjurnar. Sigrún hefur löngum lagt áherslu á að allir séu jafngildir í ævintýrunum, stórir og smáir. Allir hafa sinn styrk og geta haft áhrif á atburðarásina. Það gildir líka í þessari bók. Jafnvel allra minnsta söguhetjan sem er ekki enn farin að ganga hefur veruleg áhrif á framgang sögunnar. Það sem í daglegu tali telst til fötlunar eða vankanta verður líka styrkur í ævintýrinu; það er beinlínis refsivert að vera gleraugalaus í landi glerfisksins.

Bókin er í aðeins minna broti en algengast er með sögubækur og fer þannig vel í litlum höndum sem halda á bók til þess að lesa fyrir svefninn. Það eru góðar spássur beggja vegna við letur og þannig verður lítill texti á hverri síðu svo nýir lestrarhestrar fá sjálfstraust og komast hratt yfir efnid. Sagan er sögð með tvennum hætti. Annars vegar er alvitur höfundur sem segir söguna í þriðju persónu og hins vegar eru skýrslur Gunnu. Þá er það Gunna sem skráir í fyrstu persónu hugrenningar sínar um stöðuna í ævintýrinu. Skýrslurnar

eru með skáletruðu bláu lettri til aðgreiningar frá sögunni sjálfri. Með skýrslunum gerir Sigrún ævintýrið í senn raunverulegt og hættulaust. Það er greinilega alvörustelpa sem lendir í ævintýrinu og segir frá því í þáttíð, ævintýrinu er lokið og allir komust gegnum það. Bókin er þýdd fjölmörgum teikningum eftir höfundinn sjálfan og bakgrunnur þeirra allra bendir til þess að þær hafi verið rifnar úr teikniblokk. Enda er það hluti sögunnar að Ymir teiknar myndirnar; það er eðlilegt að myndirnar komi frá einhverjum sem upplifði ævintýrið.

Söguviðið á sér enga stöð í raunveruleikanum. Krakarnir þeysast á hraðbát gegnum mörk raunveruleikans og lenda á eyju undir Reykjavíkurtjörn. Með því að fara út fyrir landamæri raunveruleikans getur höfundur leyft sér að hafa söguviðið og allar persónur eins fátánlegar og hann vill. Þetta nýtir Sigrún sér til fulls og býr til litla bullveröld sem er í senn ærslafull og ógurleg. Eins og vera ber í ævintýrum er barátta góðs og ills í öndvegi og leiðin að sigri hins góða það eina sem skiptir máli.

Eyja glerfisksins er spennandi frá fyrstu síðu og það heldur lesandanum ágætlega við efnid að skipta um stíl á textanum annað slagið. Þannig fær lesandinn tækifæri með Gunnu til þess að rifja upp hvað gerst hefur og spá fyrir um hvað framundan er. Sigrún Eldjárn hefur fyrir löngu skipað sér í röð þekktustu og afkastamestu barnabókahöfunda á Íslandi. Eyja glerfisksins er skemmtilegt ævintýri fyrir krakka sem eru að byrja að lesa sögubækur og vilja hafa þær spennandi.

Hildur Heimisdóttir

Faðir minn mannætan

LEYNDARMÁLID HANS PABBA

Þórarinn Leifsson

★ ★ ★ ★

Börn með foreldravandamál eru sjálf-sagt stór hópur á Íslandi, en sá hópur er að mestu leyti ósýnilegur, enda fátt sem börnum eins fjarri eins og að segja frá löstum foreldra sinna. Í bók Þórarins Leifssonar ervandamálið stærra en nokkurt barn getur nokkru sinni lent í.

Systkinin Rjúpuhlíð 29 í Hlíðahverfinu búa við þær einkennilegu aðstæður að faðir þeirra borðar fólk. Það er ekki nóg með að hann hakki í sig manneskjurnar með tilheyrandi fylgihlutum, fatnaði, skóm og síma, heldur gleypir hann líka í sig karakter fólksins með slíkum krafti, að á meðan á meltingu stendur líkist hann fórnarlambi sínu í hátt og lund. Sagan er ærslafull og þýdd fjölmörgum myndum eftir Þórarin sjálfan, það má jafnvel velta fyrir sér hvort það eru myndirnar sem skreyta textann eða hvort það er á hinn veginn að textinn skreyti myndirnar. Hvernig sem því er snúið vinna texti og myndir vel saman.

Sagan er á köflum í ærslafullum stíl en verður inni á milli svo alvarleg að það er á mörkunum að grínið haldi. Bókinni virðist ætlað að hvetja börn með foreldravandamál til þess að segja frá vandanum og leita sér hjálpar. Allar persónur bókarinnar eru ýktar nema aðalpersónan, Hákon, sem segir söguna og Sidda systir hans. Lesendur geta því vel sett sig í þeirra spor og fylgst með æsilegri atburðarás sem fer langt út yfir takmörk raunveruleikans. Svo skal bál bæta að benda á annað verra, það tekst Þórarinn ágætlega.


Leyndarmálið hans pabba er upplögð bók til þess að lesa með krökkum og ræða þau vandamál sem þeir glíma við. Þetta er fyrsta skáldsaga Þórarins, þar sem hann fetar spennandi brautir, nóg er komið af ofurraunsæi og líklegt

að börn sem búa við foreldravandamál hafi nóg á sinni könnu og enga þörf fyrir það. Léttur súrrealismi er miklu líklegri til þess að gera gagn. Eins og nútíma-höfundur sæmir er Þórarinn búinn að útbúa heimasíðu fyrir bókina. Þar er bókin markaðssett fyrir erlendan markað en auk þess geta lesendur fengið nánari upplýsingar um persónur bókarinnar. Leyndarmálið hans pabba er bók fyrir miklu fleiri en börn með foreldravandamál, hún er fyrir alla sem hafa gaman af hryllings- og ærslasögum.

Hildur Heimisdóttir

Þórarinn Leifsson teiknari brýst inn á ritvöllinn með ögrandi sögu fyrir unga lesendur. Hér er hann með sögur Andersens í fanginu sem hann myndskreytti fyrir fáum misserum.

FRETABLAÐIÐ/VALLI



GOÐSÖGN Í LIFANDA LÍFI

Davíð Stefánsson frá Fagraskógi var brautryðjandi í íslenskri ljóðagerð og ljóð hans seldust í gríðarstórum upplögum. Hann bjó yfir miklum persónutöfrum, vakti athygli hvert sem hann fór og þjóðin fylgdist með ástarævintýrum hans af áhuga.

Það eru engar ýkjur að segja að hann hafi verið goðsögn í lifanda lífi.

Suert höfðu mína

ÆVISAGA
DAVÍÐS STEFÁNSSONAR
FRÁ FAGRASKÓGI

JPV

JPV ÚTGÁFA

SÍMI 575 5600
www.forlagid.is



MC PLANET ⁺ Austurhrauni 3
210 Garðabær
533 3805

DAAGBLAÐIÐ VÍSIR! 1960–2000
AFTERNOON PRESS PHOTOGRAPHY IN ICELAND



15. september – 25. nóvember 2007

LJÓSMYNDASAFN REYKJAVÍKUR
Reykjavík Museum of Photography

Tryggvagata 15, 6th floor · 101 Reykjavík · Tel. 563 1790 · photomuseum@reykjavik.is · www.photomuseum.is
Opening hours 12–19 mon–fri, 13–17 weekends · ADMISSION FREE



Gallery
Turpentine

**Sigtryggur Bjarni
Baldvinsson**
09.11.07 - 24.11.07

**Vetrarvötn
sunnanheiða**

GERÐUBERG



ALLT Í PLATI!

Sigrún Eldjárn mun sitja fyrir svörum á Ritþingi Gerðubergs laugardaginn 24. nóvember kl. 13:30 - 16:00.
Stjórnandi: Sigbrúður Gunnarsdóttir
Spyrjar: Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson og Margrét Tryggvadóttir.

Að ritþinginu loknu kl. 16 verður opnuð sýning úr söguheimi Sigrúnar og gestum boðið í heimsókn á heimili Málfríðar, sem líklega má teljast með frægari sögupersónum Sigrúnar.

Sýningarstjórn er í höndum myndlistarmannanna Anik Todd og Unu Stígsdóttur.
Ókeypis aðgangur er á ritþingið og sýningarnar!

Gerðuberg · www.gerduberg.is · sími 575 7700

Auglýsingasími

512 50 50

Mest lesið



Boðhlaup snillinganna

Tónlistarsagan er boðhlaup þar sem nýtt og nýtt afreksfólk heldur keflinu endalaust á lofti. Á tónleikum Sinfóníuhljómsveitarinnar 29. nóvember réttir eitt mesta tónskáld 20. aldarinnar, Ígor Stravinskíj, keflið yfir til Thomas Adès, vonarstjörnu samtímatónlistarinnar.

Tónleikarnir eru stórviðburður, þar sem yfir hundrað manns flytja verk þessara tveggja snillinga undir stjórn Adès sjálfs!

GUL TÓNLEIKARÖÐ Í HÁSKÓLABÍÓI
FIMMTUDAGINN 29. NÓVEMBER KL. 19.30

Hljómsveitarstjóri :: Thomas Adès Ígor Stravinskíj :: Sálmasinfónían
Einleikari :: Carolin Widmann Ígor Stravinskíj :: Scherzo fantastique
Kór :: Hamrahlíðarkórarnir Thomas Adès :: Asyla
Kórstjóri :: Þorgerður Ingólfssdóttir Thomas Adès :: Concentric Paths, fiðlukonsert

FL GROUP ER AÐALSTYRKTRADILI
SINFÓNÍUHLJÓMSVEITAR ÍSLANDS

SINFÓNÍUHLJÓMSVEIT
ÍSLANDS
545 2500 :: WWW.SINFONIA.IS



Gunnella
Haraldur Bilson
Kristín Jónsdóttir

Íslensk list er góð gjöf

Opið í Gallerí Fold á Rauðarárstíg
laugardaga kl. 11–16 og sunnudaga kl. 14–16

Rauðarárstíg 14, sími 551 0400 · Kringlan, sími 568 0400 · www.myndlist.is

**Næsta listmunauppböð
2. desember**

Erum að taka á móti verkum núna

Gallerí Fold · Rauðarárstíg og Kringlunni

GÖMUL OG NÝ DÖNSK

Sagan segir að nokkrir strákar í Menntaskólanum í Hamrahlíð hafi tekið sig saman og stofnað hljómsveit. Þeir beittu lögmálum auglýsingafræðanna fyrir sig við nafngiftina; Bókabúðir auglýstu gjarnan að „ný dönsk blöð“ væru komin og meira þurfti ekki, Nýdönsk var fædd. Þjóðin spærta fyrst eyrun við sumarsmellinn Hólmfríður Júlíusdóttir og geisladiskinn Ekki er á allt kosið... sem geirnegldi Nýdönsk sem funheita popphljómsveit á íslenskan mælikvarða. Á þeim tíma, undir lok níunda áratugarins, var geisladiskur reyndar skilgreindur í orðabók sem „sælindýr af diskaætt“ en lunknir hlustendur föttuðu strax að þessi hljómsveit væri töluvert lengra komin á þróunarbrautinni. Um nokkurra ára skeið naut Nýdönsk geigvænlegra vinsælda; stappfyllti sveitaböll og tróð vinsældalista með útvarpsvænum smellum og þéttum diskum.



Plötur:
Ekki er á allt kosið... (1989)
Regnbogaland (1990)
Deluxe (1991)
Himnasending (1992)
Hunang (1993)
Húsmæðragarðurinn (1998)
Pólfarir (2001)

Baldur og Loki

Söngdúóíð Daniel Ágúst og Björn Jörundur var lengi veigamesti hluti ímyndar Nýdönsk. Þar voru klassískar andstæður á ferð: aðalsöngvarinn Daniel strokinn og hreinradda, fingerður og appollónskur meðan stílbrotismaðurinn Björn var groddalegur, úfinn og díónýsískur með kæruleysislega og sérstæða raddbeitingu. Straumhvörf urðu við brotthvarf Daníels árið 1997, en hann var þá farinn að rækta Gus Gus-garðinn með allgóðum árangri. Síðan þá hefur prófíll sveitarinnar verið hógvær, þar til nú að hún springur út á ný, meira að segja með sinn eigin þjóðfána.

Fimmfaldur geisli

Nýdönsk er rokkhljómsveit með framsækna tilhneigingar en þegar best lætur sameinar hún popp og framúrsteftu. Slagarar eins og Nostra-

damus og Kirsuber eru hræðslulaust brotnir upp með samhengislitlum kórsöng, blásaramillikafli með lítt heyrilegu tali undir eða atónal gítarvæli. Til þess að slíkt gangi upp þarf smekkvísi og hóf. Stílbrogðin eru fjölbreytt, frá sítarum í Eru ekki allir í stuði? til svartra bakradda sem döbbaðar voru í Surrey á Horfðu til himins. Hammondinn er heldur aldrei langt undan. Þeir eru póstmóðern, strákarnir.

Nýdönsk er samt líka popphljómsveit sem kann að gefa fólki það sem það vill: smelli. Jafnvel er svo langt gengið í gleðipoppinu á köflum að gítarinn í hittaranum Skými virðist hafa lagt grundvöllinn að Selfossvæiflunni víðkunnu. Fyrir Nýdönsk var heldur ekkert mál að gefa út tvær plötur í röð með mismunandi lögum sem hétu Sól. Vonandi megum við eiga von á fleirum.

Ekki má heldur gleyma framlagi sveitarinnar til þjóðlagahéðarinnar. Hvort gítargripabók Stefáns Hjörleifssonar hjálpaði til skal ósagt látið en fljótlega var svo komið að helstu skyldulög Íslendinga á kassagítar í partíum, fyrir utan Stál og hnífur auðvitað, voru Fram á nótt og Hjálpaðu mér upp.

Þó upp úr þrónni skriði kvefpestir

Munúðin hefur löngum verið skyld náttúrunni í textum Nýdönsk. Ástin og holdið eru tengd við eplatré, hunang og kirsuber; frjókornum rignir og blómarósirnar mynda haf. Útópían birtist í formi Regnbogalands og Himalaya og sveitin tekst svo gjarnan á loft að flugvélar eru hvarvetna svo kanna megi landslag skýjanna. Bhlöin á lífsvímunni er svo tálguð gagnrýni á neyslubjóðfélagið sem birtist til að mynda í darwinísku háði á tiskufrík (Apaspil), greiningu á nútíma fjölskyldumynstrum (Húsmæðragarðurinn) og beinskeyttri árás á kynþáttahatur (Hverjir eru bestir).



Allt 1987-2007

Safnpakkarnir sem liggja fyrir væntanlegum neytendum í jólaorgíunni eru að flestu leyti til fyrirmyndar. 1987-2007 er tveggja diska safn valinna laga ásamt diski með öllum myndböndum sveitarinnar. Við förum úr hljóðverinu í gallabuxnabúð, fylgjumst með flugtilraunum nálægt Umeá í Svíþjóð árið 1917, höngum í góðum flíng með bandinu í Öskjuhlíð og eyðum örfáum mínútum í himnaríki, þar sem menn blása sápukúlur, spila á hörpu og lesa Tinnabækur í makindum. Kaupendum til gleði er einnig heildarsafnið Allt; einkar handhægur átta diska kassi með svo að segja öllu sem Nýdönsk hefur gefið út. Báðum fylgja afbragðsgóðir bæklingar með ítarlegum upplýsingum og textum.

Ávallt smekkvísir
Þannig var sveitin lengst af skipuð á tíunda áratugnum: Ólafur Hólm, Björn Jörundur Friðbjörnsson, Stefán Hjörleifsson, Daniel Ágúst Haraldsson, Jón Ólafsson.

Magnús Teitsson



BRÁÐUM KOMA ÞAU

... og alla fer að hlakka til

HÁDEGI, KVÖLD, VEISLUR OG FUNDIR



Ragnar Ómarsson

yfirmatreiðslumaður DOMO

... hefur verið valinn næsti keppandi fyrir Íslands hönd í hinni virtu Bocuse d'Or keppni sem haldin verður í Lyon í Frakklandi árið 2009.

JÓLAHLAÐBORÐ

Jólahlaðborð DOMO verður að þessu sinni á neðri hæð DOMO í glæsilegum, nýuppgerðum salarkynnum þar sem matreiðslumenn okkar nálgast jólamatinn á nýjan hátt ásamt því að halda góðum og gildum hefðum. Hafið samband við okkur og kynnið ykkur þá möguleika sem veislusalur DOMO hefur upp á að bjóða.



ÞINGHOLTSTRÆTI 5 / 101 REYKJAVÍK / TEL. 552 5588 / DOMO@DOMO.IS / WWW.DOMO.IS



Gömul kærasta lítur við

ÞJÓÐLEIKHÚS SÝNIR Á SMÍÐAVERKSTÆDI

Konan áður (Die Frau von fruher) eftir Roland Schimmelpfennig
 Leikendur: Baldur Trausti Hreinsson, Edda Arnljótsdóttir,
 Edda Björg Eyjólfssdóttir, Vignir Rafn Valþórsson og Þórunn Erna Clausen.
 Leikmynd og búningar: Stígur Steinþórsson.
 Lýsing: Hörður Ágústsson.
 Leikstjórn og þýðing: Hafliði Arngrímsson.
 Frumsýnt á Smíðaverkstæði 16. nóvember.
 ★ ★ ★

Lífsleitt fólk á fimmtugsaldri er að flytja úr landi, öllu pakkað, næstum ekkert eftir af leifum heimilis, sonurinn ungi að kveðja sína kærustu, það er í þröngri fjölskyldunni meinsemi, tegundin tekin að snúast gegn sínum næstu. Sagan gerist yfir dagpart, nótt og morgun. Þráðurinn er klipptur niður í spotta. Við sjáum þá ekki í tímaröð, heldur er þeim ruglað, við flutt fram og tilbaka í tíma til að skapa eftirvæntingu, spennu, troða í okkur efasemdum. Verkið snarast frá hversdagslegri komedíu yfir í þriller og loks harmleik. Það er ekki vítt í umfjöllun um mannlegar aðstæður, persónur steypar í þröng mót af hálfu leikskáldsins, hnúturinn í fléttunni einfaldur en byggir á skemmtilegu og óvæntu bragði.

Leikstjórnin hefur valið sýningunni sakleysilegan stíl: hér eru leikarar sem geta svo sannarlega undirbyggt dýpra en leyft er, raunar spurning hvort þær Eddur hefðu ekki átt að víxla hlutverkum. Það vantar í þessa grúppu grimmdina, siðleysisafstöðuna sem er bara látin liggja milli hluta og nójuna

í frúna, geðveikina í gestinn – svo er ekki hægt að segja meir. Um leið er þyngdinni í hreyfingunni ábótavant – þetta er svo kurt-eist og – hvaða orð myndi þýðandinn nota: háttprútt. Sem er annað: þýðing.

Á íslensku kastar maður grjóti, hendir ekki steinum, unglungur talar um pabba um ekki föður minn. Fleiri hnökra hnaut áheyrandi um af hátiðlegu bókmáli, sem er reyndar gott fyrir sinn hatt á degi íslenskrar tungu, en rímaði bara alls ekki við þetta fólk.

Aðeins um rýmið og leikara: í viðtali við höfund í leikskrá er talað um opinn gang, rýmið þar sem við erum á ferðinni og opið í mörg herbergi í senn. Slíkir gangar eru vitaskuld evrópskt fyrirbæri sem átti sér bara stuttan tíma hér í byggingum. Fram hjá þessu skautar stígur og býr til geil, ekki óþéanlega mynd, hreina og dálítið náttúru-lausa. Búningar falla vel að persónum og lýsing vekur ekki sérstaka athygli sem er gott.

Íslenskar leikkonur eru miklu sterkari en



Gamla kærastan, Edda Björg Eyjólfssdóttir, er refsinn fyrir svikin heit, gamla svardaga og tilfinningar.

MYND: ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ.

karlarnir gegnumsnæitt: þarna gefur að líta þrjár: Þórunn reyndar í smáparti en fór mjög snyrtilega með sitt, Eddurnar tvær eru báðar fantaleikkonur, báðum reyndar hætt við að halda sig innan markanna, en ekki brjótast úr og hamast, sprengja brýr og brjóta vegg, sem skapleikkonur eiga að fá að gera. Verða að gera. Hér höfðu þær báðar tækifæri til þess, sem ekki var nýtt til fulls, þótt vinna þeirra með hlutverkin vísaði eindregið réttan veg. Feðgarnir, Baldur og Vignir, reyndust ekki vera þeir skíthælar sem aðstæðurnar

buðu uppá, sakleysingjar frekar en fólk, en þar ræður líkast til lífssýn leikstjórans og þýðandans: menn henda steinum, en kasta ekki grjóti, grýta ekki fólk á förunum vegi. Er það ekki greinarmunurinn? Er það ekki á endanum valið á orðunum sem skiptir öllu máli og segir mestallt sem þarf? En þá er ekki sama hvernig það er sagt. Í þessari sýningu vikur grimmdin fyrir geðstillingu, galskapurinn fyrir settlegheitum, illskan fyrir hinu þægilega.

Páll Baldvin Baldvinsson

Hver er hræddur við Heddu Gabler?

FJALAKÖTTURINN SÝNIR Í TJARNABÆ

Hedda Gabler eftir Henrik Ibsen

Leikarar: Eline McKay, Jón Ingi Hákonarson, Valdimar Flygenring, Alexía Björg Jóhannesdóttir, Soffía Jakobsdóttir, Ragnheiður Steindórsdóttir og Sigurður Skúlason.

Tónlist: Ragnheiður Gröndal. Leikmynd og búningar: Helga Rún Pálsdóttir. Föðun: Kolbrún Birna Halldórsdóttir. Þýðing: Eline McKay. Leikstjóri: Björn Gunnlaugsson.

Frumsýning 16. nóvember.

★ ★

Þá er hin lymskulega Hedda Gabler leit fyrst dagsins ljós rugluðust margir aðdáendur Ibsens í ríminu. Nú var hann lagstur í privatpælingar, hann sem hafði áður viljað æpa á torgum um spillingu samfélagsins og vekja athygli á meinsemdum þeim sem grasseruðu í hinum borgaralega feluleik. Nú var skáldið komið út á aðrar brautir, beinandi sjónum sínum innávið undir skinnið, inn í sálarlíf hvírrar persónu sem birtist í leiknum. Ibsen leggur hér grunninn að því líku framhaldi í leikritun að hann hlýtur að vera steinhissa, þarna fyrir handan, þegar hann fylgist með því að verið er að kópíera hann enn þann dag í dag.

Hvort heldur við lesum O'Neil, Norén eða einhverja nútímahöfunda alls staðar er áhrifin og aðferðir Ibsens að finna. Hann hefur skapað nokkur góð kvenhlutverk, nokkur óskahlutverk allra leikkvenna. Hedda Gabler er eitt þeirra.

Árið 1898 var haldin kvenréttindahátíð í gömlu Kristjáníu og við það tækifæri var Henrik Ibsen heiðraður og varð að þakka fyrir sig með ræðu þar sem hann meðal annars sagði:

„Ég er ekki meðlimur í kvenréttindafélaginu... ég veit ekki einu sinni hvað kvenréttindi eru. Fyrir mér hafa málin ávallt snúist um mannréttindi. Og ef verk mín eru lesin af gaumgæfni skilja menn það... hlutverk mitt hefur verið að mála og segja frá fólk en það er nú

oft þannig að þegar höfundum tekst vel til nýttist efnið sem tjáning fyrir þá tilfinningu og stemningu sem í lesandanum sjálfum býr. Það er glögglega hægt að sjá að hér eru orð höfundar en í hvert sinn sem einhver fer um þau höndum eru þau endursamin.“

Þetta sagði meistari Ibsen 26. maí 1898. Nú í nóvembermánuði uppi á Íslandi, meira en hundrað árum síðar, er enn og aftur verið að endurskapa orð hans um leið og löngun listamanna í þessu tilfelli er að hrökkva inn í gamla tímann og segja eitthvað sem sagt var í gamla daga. Það er svo skrytið að það er ekki hægt að segja eitthvað sem sagt var í gamla daga, nema að standa við hliðina á tímanum og segja hreinlega: svona var sagt í gamla daga.

Hedda Gabler er í raun og veru algert nútímaverk þó svo að margt hafi breyst í ytri umgjörð vitaskuld. Hedda er alger deurskjóða, við þekkjum hana, hún er til úti um allt bæði í karl- og kvenlíki. Hún er kaldlynd, getur ekki elskað og veit í raun og veru ekki hvað hún vill.

Shakespeare tók upp á því að flengja hana Katarínu og svelta hana til þess að hún, hið mikla skass, yrði til friðs, en í nútíma Noregi Ibsens var ekki spurning um að hemja eða temja, heldur kannski fremst að sýna fram á að ákveðnar aðstæður sköpuðu svona mann-skju og reyndar hinar persónur verksins einnig.

Hér í þessari sýningu var valin umgjörð gamla tímans. Glettilega smart leikmynd



Hatturinn ljóti sem Hedda notar til að lífillækka Tesman og fóstrur hans. Ragnheiður Steindórsdóttir og Jón Ingi Hákonarson í hlutverki töntu og Tesman.

FRETTABLAÐIÐ/VÖLUNDUR

þar sem rýmið var opið og góður möguleiki á að leika fyrir innan og utan hina raunverulegu stofu. Leikhópurinn samanstendur af leikurum með mjög misjafna reynslu. Það var áberandi í allri áferðinni. Hedda í meðförum Eline McKay var hvorki lúmsk né undirförl, hún var bara frekar reið og ruslaraleg til fara. Thea litla sem af Ibsens-hefð hefur alltaf verið svo áamtleg var hér glæsileg með þó nokkurt sjálfstraust á meðan leikkonan Alexía Björg Jóhannesdóttir, sem fór með hlutverk hennar og er með einkar fallega rödd, hefði þurft aðstoð við að leita að eðlilegum talmálsáherslum.

Soffía Jakobsdóttir fer með hlutverk Bertu gömlu og blæs ágætu lífi í þá vinnukonumynd en Ragnheiður Steindórsdóttir sem fer með hlutverk frænkunnar nær ekki að beisla þá rafmögnumu orku sem ætti að myndast þegar Hedda sýnir henni fyrirlitningu í byrjun verksins. Raunar var ótrúlega lítið unnið með atriðið þá er Hedda skensar frænkuna í upphafi með því að þykjast halda að spánýr hattur sé eitthvert gamalt höfuðfat Bertu vinnukonu.

Jörgen Tesman sem er einhver mesti lúði heimsbókmenntanna var hér óneitanlega lúðalegur og fyndinn í meðförum Jóns Inga Hákonarssonar en tilfinnanlega skorti vinnu með undirtexta og eðlilega framsögn. Sigurður Skúlason sem lék flagarann og

dómarann Brack hvíldi ekki aðeins í persónu sinni, heldur skilaði hann hlutverki sínu vel og sama má segja um Valdimar Flygenring sem lék Ejlert Lövborg, manninn sem Hedda í raun elskaði, andstæðu þess manns sem hún gekk að eiga, og tekst honum vel að varpa angistinni yfir til áhorfenda þrátt fyrir að samtal hans og Heddu hafi ekki náð þeirri undiröldu sem í textanum býr.

Það má segja að þetta hafi verið svolítið hölt sýning en engu að síður virðingarvert og nauðsynlegt að þurrka rykið af Henrik Ibsen með vissu millibili. Það væri ekki vitlaust að leyfa leikmyndinni að standa og gefa fleiri leikurum, leikhópum tækifæri á því að spreyta sig á þessum hlutverkum sem eru svo snilldarlega vel úr garði gerð af hendi höfundar. Lýsing og tónlist var vel við hæfi, sömuleiðis gaman að sjá þessa búninga þó svo að Hedda sjálf hafi allan tímann að undanskildu upphafsatriðinu verið nær pútnahúsastýru heldur en þeirri yfirstéttarkonu sem hún þykist vera. Þó svo að hún hafi vakað heila nótt og líklega var það hugsun leikstjórans að láta hana vera svolítið tuskulega þess vegna, þá vantaði einmanaleikann, angistina og hina undirliggjandi ósvífn sem einkennir Heddu Gabler.

Hvað sem öðru líður þá er alltaf gaman að hitta þessa góðkunningja leikbókmenntanna í ýmsum útfærslum.

Elisabet Brekkan

Björn Ingólfsson

VASAST í öllu

Endurminningar Sveins í Kálfskinni



ÆVISAGAN Í ÁR!

Hér segir Sveinn á Kálfskinni frá því þegar hann:

- var fóðurmeistari á dönskum búgarði og vann með amerískum indíánum á Keflavíkurlflugvelli
- var tekinn í landhelgi í Jórdaníu á ólöglegri siglingu á seglbretti
- svaf í svítu á diplómatahótelu í Berlín og lá úti í grenjandi stórhrið, einn og týndur uppi á öræfum Íslands
- ók í brynvörðum bíl um Bronx og Harleem og sat á spjalli við þriggja kvenna ættarhöfðingja í Afríku
- bjó til bæði flugvöll og stöðuvatn upp á eigin spýtur
- seldi ferðamönnum allt frá slori og fjósalykt upp í þyrluferðalög

Þetta og margt fleira í þessari bráðskemmtilegu ævisögu Sveins á Kálfskinni; ævintýramannsins sem aldrei hefur séð eftir neinu og ætlar, hvað sem hver segir, að byggja kláfferju upp á Vindheimajökul áður en yfir lýkur.



BÓKAÚTGÁFAN HÓLAR



Afrika sunnan Sahara - í brennidepli

Ritstjórar: Jónína Einarsdóttir og Þórdís Sigurðardóttir.

Þessi bók er ætlað er til að auka almennan fróðleik og skilning á álfunni, sögu hennar og samtíma. Útgefandi bókarinnar er félagið Afrika 20:20, félag áhugafólks um málefni Afríku sunnan Sahara. Útgáfan er tímamóta- verk því aldrei áður hefur verið skrifað jafn umfangsmikið rit um álfuna á íslensku. 288 bls. 4.800,- kr.



Vísindin heilla

Afmælisrit til heiðurs Sigmundi Guðbjarnasyni 75 ára

Ritstjóri: Guðmundur G. Haraldsson, prófessor

Bókin hófðar til áhugamanna um rannsóknir og vísindi á sviði lífvísinda, leikra sem lærdra, og er þarft framlag til íslenskra rita á því sviði. 30 greinar eftir íslenska vísindamenn úr hópi fyrrum nemenda og samstarfsmanna 543 bls. 5.300,- kr.



Lítill börn með skólaköngul

Tengsl leikskóla og grunnskóla. Dr. Jóhanna Einarsdóttir prófessor

Menntun ungra barna á fyrsta áratug 21. aldar er viðfangsefni bókarinnar. Sjónum er beint að leikskólanum og yngstu bekkjum grunnskólans, tengslum þessara skólastiga og þeim breytingum sem eiga sér stað þegar börn fara úr leikskóla í grunnskóla. 187 bls. 3.350,- kr.



Afburðaárangur

Um stjórnunaraðferðir sem grundvallast á gæðastjórnun og rannsóknir á fyrirtækjum sem náð hafa afburðaárangri. Agnes Hólm Gunnarsdóttir og Helgi Þór Ingason


Hvaða aðgerðir og aðferðir eru líklegar til að stuðla að afburðaárangri í rekstri fyrirtækis eða stofnuna. Í þessari bók er leitast við að skapa yfirsýn yfir nokkrar vel þekktar rannsóknir á þessu sviði, sem og nokkrar vinsælar stjórnunaraðferðir. 139 bls. 3.990,- kr.



Við brún nýs dags

Saga Verkamannafélagsins Dagsbrúnar 1906 - 1930 Dr. Þorleifur Friðriksson, sagnfræðingur

Í bókinni er sagt frá kjarabaráttu, stjórnmaalaafskiptum og öðru félagsstarfi Dagsbrúnarmanna. 394 bls. 5.300,- kr.



Almanak HÍ 2008

Dr. Þorsteinn Sæmundsson stjórnfræðingur reiknaði og bjó til prentunar.

Auk dagatala eru margvíslegar upplýsingar, svo sem um sjávarföll og gang himintungla, yfirlit um hnetti himingeimsins, mælieiningar, veðurfar, stærð og mannfjöldi allra sjálfstæðra ríkja og tímann í höfuðborgum þeirra. 96 bls. 1.285,- kr.



Ritið 1/2007 - Tungumál

Tímarit Hugvísindastofnunar

Upphafsgrein Ritsins er beinskytt og ítarleg greining Guðna Elissonar á orðræðunni um hlýnun jarðar. Greinin tengist þannig þema heftisins sem er tungumál, en fjórar greinar fjalla um viðhorf til tungumálsins frá ólíkum sjónarhornum. 199 bls. 2.800,- kr.



Menntun, forysta og kynferðil

Guðný Guðbjörnsdóttir, prófessor

Hvaða máli skiptir menntun fyrir framgang kvenna og karla til forystustarfa? Er það ekki þeirra sjálfrá að stýra menntun sinni? Hvers vegna beindist umræðan um jafnrétti kynjanna í skólum nýverið og óvænt að stöðu drengja? 325 bls. 4.300,- kr.



Lífsmark: Mann(erfða)fræði

Dr. Gísli Pálsson, prófessor.

Framfarir á sviði erfðafræði hafa stórukið skilning á mannslíkamanum, heilbrigði og sjúkdómum. Höfundur Lífsmarks sýnir fram á að mannfræðin varpar nýju og forvitnilegu ljósi á mannerfðafræði og líftæknina sem á henni er reist. 295 bls. 4.600,- kr.



Eldur á ís

Saga hinna íslensku „Síðari daga heilögu“ heima og að heiman Höfundur: Fred E. Woods.

Þessi einstaka saga, að mestu hulin gleymsku, er afhjúpuð í þessu tímamóta- verki, nú þegar rúm hundrað og fimmtíu ár eru liðin frá því að fyrstu Íslendingarnir settust að í Utah og stofnuðu fyrstu Íslendingabyggðina í Bandaríkjunum. 221 bls. 3.600,- kr.

H Á S K Ó L A Ú T G Á F A N
www.haskolautgafan.hi.is - s. 525 4003

... AÐ TJALDABAKI

FRIÐRIK Þór Friðriksson er nú að leggja lokahönd á heimildarmynd sína um einhverfan dreng og er það fyrsta heimildarmynd hans í aldarfjórðung, síðan Rökk í Reykjavík. Mun næsta verk Friðriks vera leikin mynd, Mamma Gógó, og verður titilllutverkið leikið af Kristbjörgu Kjeld. Myndin lýsir aðstæðum heilabílaðrar konu og hefur þróast frá eldri hugmyndum leikstjórans um að gera mynd á elliheimili sem hann hafði á þróunum eftir kynni sín af þeim Rúrik Haraldssyni, Gísli Halldórssyni, Jóni Sigurbjörnssyni og Sigríði Hagalín en af þeim er einungis Jón enn á lífi.



Brynhildur Guðjónsdóttir leikkona er að æfa einleik sem hún ætlar að leika í Landnámssetrinu í Borgarnesi. Verkið samdi Brynhildur sjálf að beiðni Kjartans Ragnarssonar. Hún kallar það Brák en þar segir



af ferðum ambáttar þeirrar sem ól upp hinn erfiða son Skallagríms. Sýningar hefjast eftir áramótin.


Hallmar Sigurðsson hefur ákveðið að hætta sem leiklistarstjóri hljóðvarps Ríkisútvarpsins. Leiklistardeildin hefur í áratugi notið mikillar lýðhylli – á annan tug þúsunda hlustenda hlustar jafnan á verk þeirra og nú hefur vefurinn bæst við. Mektarmenn í íslensku leikhúslífi hafa starfað við deildina: Þorsteinn Ö. Stephensen, Klemens Jónsson, Jón Viðar Jónsson og María Kristjánsdóttir. Óttast menn nú að eftir OHF-væðingu RÚV verði leiklistin hornreka í rekstrinum enda mun Páli Magnússyni og Sigrúnu Stefánsdóttur ekki skylt að auglýsa starfið opinberlega.



HARKA, PARKA INN SKÁL ARKA

Skilaboðaskjóðan eftir Þorvald Þorsteinsson loksins fáanleg á ný. Spennandi saga með gullfallegum myndum fyrir ævintýraleg börn.

Skilaboðaskjóðan er líka leikrit og er sýnd í Þjóðleikhúsinu! Uppselt til jóla, ath. aukasýning 23.11



BJARTUR



eitthvað alveg
einstakt



Galleri List
Skipholt 50A • sími: 581 4020
www.gallerilist.is